HÁSKÓLI ÍSLANDS

M.A. ritgerð
í Sagnfræði

Bú er betra þó lítið sé

Byggðaþróun í Skagafirði og Svarfaðardal
á tímabilinu 1100-1400

Sólborg Una Pálsdóttir

Leiðbeinendur: Árni Daníel Júlíusson, rannsóknarsérfræðingur við Hugvísindasvið Háskóla Íslands og Guðný Zoëga, dósent við Háskólann á Hólum

Júní 2025

DEILD HEIMSPEKI, SAGNFRÆÐI OG FORNLEIFAFRÆÐI

Bú er betra þó lítið sé
Byggðaþróun í Skagafirði og Svarfaðardal á tímabilinu 1100-1400

Sólborg Una Pálsdóttir
210471-5969

Lokaverkefni til MA-prófs í sagnfræði
Leiðbeinendur: Árni Daníel Júlíusson, rannsóknarsérfræðingur við Hugvísindasvið Háskóla Íslands og Guðný Zoëga, dósent við Háskólann á Hólum

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði
Hugvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2025

Bú er betra þó lítið sé. Byggðaþróun í Skagafirði og Svarfaðardal 1100 til 1400.

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.A.-prófs
við Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Sólborg Una Pálsdóttir, 2025
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Ágrip

Ritgerðin er hluti af Tvídælu, þverfaglegu verkefni sem hafði það að megin-markmiði að rannsaka lagskiptingu í samfélagi miðalda í Eyjafirði. Ritgerðin tilheyrir þeim verkþætti sem skyldi rannsaka mögulega þróun hjáleigubýla á tímabilinu 1100-1400 ásamt því að skoða afleiðingar svartadauða á samfélagið, sérstaklega plágufaraldurinn 1402-1404 með hliðsjón af niðurstöðum nýlegra fornleifarannsókna.

Byggðaþróun miðalda og möguleg áhrif svartadauða hafa alloft verið rannsökuð. Ein þekktasta rannsóknin er samnorrænt verkefni sem gekk undir heitinu *Det nordiske öde-gårdprosjekt* og hófst árið 1968. Aðferðafræði þessa verkefnis er rýnd og niðurstöður bornar saman við nýlegar niðurstöður fornleifarannsókna í Skagafirði og Svarfaðardal.

Fornleifarannsóknirnar hafa dregið fram fjölda fornbýla sem ekki eru nefnd í miðaldaskjölum og gefa okkur nýja mynd af byggðaþróun miðalda. Á jaðarsvæðum, til dæmis í inndölum, er byggð að þéttast allt fram til 1300. Annars staðar hefur byggð verið orðin býsna þétt strax á 12. öld. Greina má einhvers konar endurskipulagningu jarða í Fljótunum og Sléttuhlíð í Skagafirði á 12.-14. öld. Vart verður við mikla fækkun býla eftir 1300, frá 30-50% sem að öllum líkendum má rekja til fólksfækkunar vegna plágufaraldra á 15. öld.

Talið er að jarðasöfnun hóps einstaklinga og biskupsstóla hafi hafist á 12. öld. Aldursgreining þessara fornbýla hefur leitt í ljós að töluverður hluti þeirra var þegar byggður um 1100. Það er því ólíklegt að öll þessi býli hafi verið stofnuð sem hjáleigur, eins og þær eru skilgreindar á 17.-18. öld, þó hlutfall þeirra fari vaxandi eftir því sem líður á miðaldir. Hluti þeirra eru leifar tvíbýla, annar hluti gæti verið einhvers konar hjábýli sem laut stjórn jarðeiganda og greiddi leigu (í einhverju formi) beint til hans. Svartidauði ýtti undir þróun sem var þegar hafin og byggði enn frekar undir veldi landeigenda á kostnað smábóndans.

Abstract

This dissertation is part of Tvídæla, an interdisciplinary project focused on investigating stratification in the medieval society of Eyjafjörður. Specifically, it examines the development of sub-tenant class between 1100 to 1400 and explores the consequences of the Black Death, particularly the plague pandemic of 1402-1404, using recent archaeological research.

Previous studies on medieval settlement development and the impact of the Black Death include the well-known Nordic project, *Det nordiske öde-gårdprosjekt*, which began in 1968. This project's methodology is reviewed, and its findings are compared with recent archaeological results from Skagafjörður and Svarfaðardalur.

Archaeological investigations have uncovered numerous farm sites that were not mentioned in medieval documents, offering new insights into settlement patterns during the Middle Ages. In peripheral areas settlement density increased until around 1300, while some regions were already densely populated by the 12th century. Following 1300, a significant reduction in settlements, estimated between 30% and 50%, can be attributed to population decline due to plague epidemics in the 15th century.

The accumulation of landed property among a small group of individuals and dioceses is believed to have begun in the 12th century. Many archaeological sites that have been dated originated before 1100, suggesting that not all were founded as sub-tented, though the number of such farms increased in the Middle Ages. The Black Death further accelerated these trends, strengthening the power of landowners at the expense of smallholders and peasants.

Þakkir

Ritgerð þessi er unnin undir handleiðslu Árna Daníels Júlíussonar og Guðnýjar Zoëga en umsjónarmaður fyrir hönd deildar var Viðar Pálsson. Ég vil nota tækifærið og þakka leiðbeinendum fyrir afar frjóar umræður og uppbyggilega gagnrýni. Þá þakka ég Hjördísi Gísladóttur fyrir yfirlestur og fjölskyldunni fyrir ómælda þolinmæði.

Að lokum vil ég koma á framfæri þökkum og samúðarkveðjum til aðstandanda Árna Indriðasonar. Árni færði mér eintak af sagnfræðiritgerð sinni um byggðaþróun í Skagafirði en ritgerðin veitti mér mikinn innblástur. Því miður féll Árni frá áður en ég fékk tækifæri til að setjast niður með honum og ræða viðfangsefni ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

Ágrip 3
Abstract 4
Þakkir 5
Töfluskrá 7
Myndaskrá 8
1. Inngangur 10
2. Svartidauði 12
2.1 Sjúkdómurinn 12
2.2 Rannsóknir á plágunni á Íslandi 13
3. Norræna eyðibýlarannsóknin 17
3.1. Eyðibýlarannsóknin í Skagafirði 22
3.1.1. Umfang byggðar um 1400 23
3.1.2. Samanburður við máldaga 34
3.1.3. Eyðing byggðar 36
4. Nýlegar byggðasögurannsóknir í Skagafirði 39
4.1. Austurdalur 42
4.2. Fljót og Sléttuhlíð í Skagafirði 53
4.2.1. Arnarstaðir í Sléttuhlíð 56
4.2.2. Bakki – Haganeshreppi 59
4.2.3. Slétta 63
4.2.4. Illugastaðir 67
4.2.5. Lambanes 71
4.3. Niðurstöður rannsókna í Skagafirði 74
5. Nýlegar byggðasögurannsóknir í Svarfaðardal 76
5.1. Fornleifarannsóknir í Svarfaðardal 79
5.1.1. Hólá/Hólárkot í Skíðadal 79
5.1.2. Hnjúkur í Skíðadal 82
5.1.3. Syðra-Hvarf / Hvarfskot í Skíðadal 84
5.1.4. Þverárkot í landi Kóngsstaða í Skíðadal 86
5.1.5. Minjar við Tungufell 89
5.2. Eyðing byggðar í Svarfaðardal 94
5.3. Niðurstöður rannsókna í Svarfaðardal 98
6. Byggðaþróun sem samfélagsspegill? 99
7. Niðurstöður 108
Heimildaskrá 110

Töfluskrá

Tafla 1. Bæjartala samkvæmt fornum máldögum. Samantekt Árna Indriðasonar. 34

Myndaskrá

Mynd 1. Miðaldabýli samkvæmt greiningu Árna Indriðasonar.. 28
Mynd 2. Jarðir í eigu Hólabiskupsdæmis samkvæmt The Old Icelandic Land Registers.. 29
Mynd 3. Tengsl eignarhalds jarða og vissu um tilvist á 14. öld..... 30
Mynd 4. 14. aldar býli sem ekki eru skráð lögbýli á 17. öld...... 31
Mynd 5. Býli í austurhluta Skagafjarðar um 1400..... 33
Mynd 6. Eyðibýli á tímabilinu 1400-1550 samkvæmt rannsókn Árna Indriðasonar.. 37
Mynd 7. Byggðasaga Skagafjarðar eftir bindum og hreppum. 39
Mynd 8. Yfirlit yfir rannsóknarstaði Byggðasafns Skagfirðinga..... 40
Mynd 9. Möguleg býli í Austurdal á 14. öld. Greining Árna Indriðasonar.. 44
Mynd 10. Fornbýli og lögbýli í Austurdal samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar.. 45
Mynd 11. Býli í Austurdal fyrir 1104. 46
Mynd 12. Býli í Austurdal 1104-1300. 48
Mynd 13. Býli í Austurdal á 14. öld..... 49
Mynd 14. Tilgáta um dreifingu byggðar í Austurdal um 1500. 50
Mynd 15. Norðausturhluti Skagafjarðar. Tilgáta um dreifingu byggðar á 12. öld. 53
Mynd 16. Norðausturhluti Skagafjarðar. Tilgáta um dreifingu byggðar um 1400. 54
Mynd 17. Norðausturhluti Skagafjarðar. Tilgáta um dreifingu byggðar um miðja 15. öld..... 55
Mynd 18. Jörðin Arnarstaðir í Fellshreppi. 56
Mynd 19. Minni-Arnarstaðir. 57
Mynd 20. Jörðin Bakki og nágrannajarðir.. 60
Mynd 21. Minni-Slétta og Slétta.. 63
Mynd 22. Minni-Slétta? Tvö fornbýli, líklega komin í eyði fyrir 1104. 64
Mynd 23. Umhverfi Sléttu. Gerðið sunnan við Brunná, núverandi bæjarstæði norðan við Brunná..... 66
Mynd 24. Jörðin Illugastaðir í Fljótum.. 67
Mynd 25. Illugastaðir í Fljótum. Merktar fornleifar eru Björnshús..... 70
Mynd 26. Jörðin Lambanes í Fljótum..... 71

Mynd 27. Sólheimar (Blómsturvellir)..... 73
Mynd 28. Dreifing byggðar í Svarfaðardal á miðöldum. 77
Mynd 29. Staðsetning fornleifarannsókna Tvídæluverkefnisins í Svarfaðardal... 78
Mynd 30. Tilgáta um landamerki Hólár/Hólárkot í Skíðadal um 1400..... 80
Mynd 31. Kot (Hólsárkot). Staðsetning fornleifarannsókna á vegum Tvídælu..... 81
Mynd 32. Tilgáta um landamerki Hnjúks í Skíðadal um 1400 ásamt staðsetningu býla..... 82
Mynd 33. Tilgáta um landamerki Syðra-Hvarfs í Skíðadal um 1400 ásamt staðsetningu býla..... 84
Mynd 34. Hvarfskot. Staðsetning fornleifarannsókna á vegum Tvídælu..... 85
Mynd 35. Tilgáta um landamerki Þverárkots í Skíðadal um 1400..... 86
Mynd 36. Þverárkot...... 87
Mynd 37. Jörðin Tungufell..... 89
Mynd 38. Syðra-Tungukot. 91
Mynd 39. Kringla..... 92
Mynd 40. Byggð í Svarfaðardal um 1430. Tollgreiðandi býli..... 94
Mynd 41. Dreifing byggðar miðað við Jarðabók..... 97

1. Inngangur

Ritgerð þessi er hluti af Tvídælu, þverfaglegu verkefni sem hafði það að megin-markmiði að rannsaka lagskiptingu í samfélagi miðalda í Eyjafirði. Ritgerðin tilheyrir þeim verkþætti sem skyldi rannsaka mögulega þróun hjáleigubýla á tímabilinu 1100-1400 ásamt því að skoða afleiðingar svartadauða á samfélagið, sérstaklega plágufaraldurinn 1402-1404 með hliðsjón af niðurstöðum nýlegra fornleifarannsókna.[1] Það er því ekki ætlunin að rekja framgang faraldurins eins og hann kemur fyrir í rituðum heimildum enda hafa margir fræðimenn gert því góð skil. Með auknum fornleifarannsóknum erum við aftur á móti að fá nýjar upplýsingar um samfélag og byggðaþróun miðalda sem við sagnfræðingar ættum að leitast við að setja í sögulegt samhengi.

Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er stuttlega farið yfir fræðilega umræðu um svartadauða á Íslandi. Ljóst er að umfjöllunin hefur lengi verið tengd byggða-þróun og áhrifum svartadauða á mannfjölda og samfélag.

Annar hluti ritgerðarinnar fjallar um rannsóknir á byggðasögu miðalda. Framlag Íslendinga í Norrænu eyðibýlarannsókninni sem fór fram á 8. áratug síðustu aldar er skoðað og farið ítarlega yfir niðurstöður Árna Indriðasonar sem rannsakaði austurhluta Skagafjarðar. Rannsókn Árna byggði fyrst og fremst á rituðum heimildum en hann hafði einnig rannsóknir á bæjarnöfnum sér til hlið-sjónar. Með þessu móti má betur gera sér grein fyrir niðurstöðum Íslendinga sem komust að þeirri niðurstöðu að svartidauði hefði ekki haft mikil áhrif hér á landi. Þá er einnig hægt að sjá hvort rannsókn sem nær eingöngu byggir á rituðum heimildum gefi sömu niðurstöðu og þverfaglegri nálgun.

Chris Wickham telur að áreiðanlegustu heimildir um smábændur séu fornleifar því, ólíkt ritheimildum, eru þær hlutlausar í garð fólks í neðri lögum samfélagsins.[2] Vafalítið hefur hann nokkuð til síns máls. Til að fá nýja sýn á byggða- og samfélagsþróun tímabilisins 1100-1400 er horft til fornleifarannsókna. Höfundur ákvað að einskorða sig ekki við rannsóknarsvæði verkefnisins Tvídælu

[1] Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ed.). *Power, Wealth and Plague in Two Valleys*, 85. Sjá einnig https://twovalleys.hi.is/wp-6-black-death-synthesis-study/ .
[2] Wickham, Chris. *Framing the Early Middle Ages*, bls. 544.

heldur líta einnig til fornleifarannsókna í Skagafirði. Fyrir því eru tvær meginástæður. Í fyrsta lagi er þá hægt að bera niðurstöðurnar saman við niðurstöður Árna Indriðasonar. Í öðru lagi hafa miklar fornleifarannsóknir verið gerðar í Skagafirði síðustu áratugi og því úr miklu að moða þegar kemur að aldursgreiningum og dreifingu býla á miðöldum. Þær niðurstöður eru svo bornar saman við niðurstöður fornleifarannsókna í Svarfaðardal sem var eitt af tveimur meginrannsóknarsvæðum Tvídælu-verkefnisins.

Að lokum er gerð tilraun til að setja niðurstöðurnar í sögulegt samhengi og tengja við þróun samfélags á miðöldum. Sérstaklega er horft til „smábóndans“ og stöðu hans í samfélaginu. Titill ritgerðarinnar „Bú er betra, þótt lítið sé“ er sótt til Hávamála og vísar í þá skoðun að betra sé að stjórna eigin búi þó lítið sé fremur en að vera upp á aðra komið en það er spurning hvort smábóndi miðalda hafi haft eitthvað val í þeim efnum.

2. Svartidauði

Það er afar misjafnt hvernig fólk notar hugtakið og skilgreinir „svartadauða“. Ef alfræðirit eru skoðuð er oftast verið að vísa í atburð, þ.e. mannskæðan farald eða plágu sem gekk yfir Evrópu og fleiri svæði á tímabilinu 1347 til 1353[3] Plágan fór svo í bylgjum um Evrópu í töluverðan tíma. Þekking okkar á plágunni er sífellt að aukast og er ljóst að bylgjurnar hafa verið tíðari og varað lengur en áður var talið. Samkvæmt annálum reið plágan fyrst yfir íslenska þjóð árin 1402-1404 sem er því fyrir utan hið fyrrgreinda tímabil svartadauða. Samt sem áður hafa margir íslenskir fræðimenn í seinni tíð kosið að kalla þennan plágufaraldur á Íslandi svartadauða.[4] Það er því ljóst að stundum er verið að tala um sjúkdóminn fremur en sérstakan faraldur bundinn tíma og svæði.

2.1 Sjúkdómurinn

Það þykir nokkuð vel sannað í dag að það hafi verið bakterían Yersinia pestis sem var völd að faraldrinum sem kenndur er við svartadauða. Sjúkdómurinn hefur gengið yfir í þremur heimsfaröldrum: Justinjanska pestin á 6. öld, svartidauði sem hófst á 14. öld og þriðji faraldurinn sem hófst á seinni hluta 19. aldar í Kína. Merki þess síðastnefnda er enn að finna í Asíu, Afríku og Ameríku.[5]

Það var einmitt í upphafi þriðja faraldurins sem Alexandre Yersin fann bakteríuna sem veldur plágunni. Honum, ásamt kollegum sínum, tókst einnig að sýna fram á að sjúkdómurinn virtist vera tengdur nagdýrum, aðallega rottum. Smitferjan (vector), blóðsjúgandi skordýr sem ber sjúkdóminn á milli, er oft fló, einkum rottufló. Flærnar smitast við að sjúga blóð sem inniheldur pestarbakteríuna. Hún fjölgar sér svo í meltingarvegi þeirra. Stundum gengur það svo hratt fyrir sig að meltingarvegurinn stíflast. „Soltnar flær verða sérlega blóðþyrstar og árásargjarnar. Yfirleitt er talið að hættulegustu smitdreifar úr hópi

[3] „Black Death.“. Síðast uppfært 27. mars 2025. https://www.britannica.com/event/Black-Death
[4] Sjá t.d. Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 241-242. Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson, *Íslandssaga til okkar daga*, 149. Gunnar Karlsson, *Samband við miðaldir*, 211.
[5] Karl Skírnisson, „Rottur og flær“, 75. Haraldur Briem, „Plágurnar frá sjónarhorni faraldsfræðinnar“, 82.

skordýranna séu stíflaðar eða hálfstíflaðar rottuflær“. Pestarsmitaðar flær geta lifað með bakteríuna vikum og jafnvel mánuðum saman.[6]

Sjúkdómurinn hefur þrjár sjúkdómsmyndir: Kýlapest (bubonic), blóðsýkingu (septicemic) og lungnapest (pneumonic). Yfirleitt byrja faraldrar sem kýlapest en hún kemur fram þegar pestarbakteríurnar berast inn í líkamann í gegnum hörund, til að mynda með því að pestarsmituð fló bítur manneskju eða smit berst í gegnum opin sár. Bakteríurnar berast síðan í eitla þar sem þær fjölga sér og mynda graftarkýli. „Meðgöngutími smitsins er yfirleitt á bilinu 2-7 dagar og að minnsta kosti helmingur þeirra sem smitast deyr eftir 2-4 daga“. Ef bakterían berst í blóðrásina sem blóðsýking er veikin mjög bráð og deyja sjúklingar yfirleitt eftir 1-3 daga. Ef bakterían nær að berast úr blóðrás í lungu og fer að fjölga sér þar, kemur sjúkdómurinn fram sem lungnapest. Um sólarhring eftir smitun getur einstaklingur smitað bakteríunni út frá sér með úðasmiti úr lungum með hósta eða hnerra. Þessi sjúkdómsmynd er einnig mjög bráð, sjúklingar verða fljótt fárveikir og eru flestir látnir eftir tvo til þrjá daga [7]

2.2 Rannsóknir á plágunni á Íslandi

Á 20. öld var horft á pláguna sem hörmulegan atburð sem tók Íslendinga langan tíma að jafna sig á. Sigurlaugur Brynleifsson lýsir til dæmis áhrifum plágunnar svo: „Sú ógn og skelfing, sem fylgdi Svarta-dauða var svo róttæk og náði svo djúpt niður í sálardjúp þjóðarinnar, að mat og viðmiðun breyttist frá því, sem fyrr hafði verið. ... Samfélag, sem jaðrar við upplausn og algjörra eyðingu, verður ekki samt, eftir að ógninni léttir.“[8] Jón Aðils taldi að stór hluti sveita hefði farið í eyði „... en framkvæmdir, þrek og sjálfstæði dvínaði mjög frá því sem áður var.“[9] Þegar líða tekur á öldina fer að bera á öðru viðhorfi, þ.e. að plágan hafi sannarlega verið

[6] Karl Skírnisson, „Rottur og flær“, 75. Haraldur Briem, „Plágurnar frá sjónarhorni faraldsfræðinnar“, 82-83.
[7] Karl Skírnisson, „Rottur og flær“, 75-76.
[8] Sigurlaugur Brynleifsson, *Svarti-dauði*, 150.
[9] Jón J. Aðils, *Íslandssaga*, 181.

hörmulegur atburður en ekki sé hægt að merkja stórfenglegar breytingar á íslensku samfélagi.[10]

Í lok 20. aldar má segja að meginkraftur í umfjöllun um svartadauða eða pláguna hafi annars vegar farið í að áætla hver mikið mannfallið á Íslandi hefði verið og hins vegar að ræða rottuleysið á landinu. Árið 1994 birta Gunnar Karlsson og Helgi Skúli Kjartansson mikla grein í *Sögu*, „Plágurnar miklu á Íslandi“ og þá fer að færast verulegt líf í umræðurnar. Við lestur greinarinnar færist óneitanlega sá grunur að lesandanum að í og með hafi hún verið rituð til að mótmæla þeim staðhæfingum Ole J. Benedictow sem komu fram í doktors-ritgerð hans frá árinu 1992 að rottur og rottuflær hafi verið meginsmitberar plágunnar á Íslandi eins og annars staðar. Í greininni reyna Gunnar og Helgi Skúli ekki að skera úr um hvort það hafi verið kýlapest og lugnapest né hverjar smitleiðarnar hafi verið en telja þó íslensku plágurnar „... kannski einmitt ein besta sönnun þess að síðmiðaldaplága gat valdið um eða yfir helmings mannfalli á stórum svæðum, án þess að hún smitaðist með rottuflóm.“[11]

Árið 1996 birtir Gunnar Karlsson grein í *Journal of Medieval History* sem fjallar einmitt um þetta sama, þ.e. að Ísland sé sönnun þess að ekki þurfti rottur og rottuflær til að koma af stað faraldri kýlapestarinnar eða plágunnar. Auk þess gefur hann í greininni kenningu Jóns Steffenssonar undir fótinn, þ.e. að það afbrigði bakteríunnar sem olli plágunni hafi verið annað en það sem hóf faraldurinn um 1900. Á Íslandi hafi verið um að ræða lungnapest sem gat smitast manna á milli.[12]

Þessu tók Benedictow illa og í bók sinni *The Black Death 1346-1353. The Complete History* frá 2004 varar hann sérstaklega við þessari grein Gunnars Karlssonar og segir að hún hafi vakið sterk viðbrögð meðal íslenskra fræðimanna. „After a heated conference where this paper was very much in a critical focus, nine papers were published in the Icelandic historical journal

[10] Sjá t.d. Björn Þorsteinsson, *Íslensk miðaldasaga*, 298.
[11] Gunnar Karlsson og Helgi Skúli Kjartansson, „Plágurnar miklu á Íslandi,“ 56.
[12] Gunnar Karlsson, Plague Without Rats: the Case of Fifteenth-Century Iceland,“ 263-284.

Sagnir.“[13] Það er rétt hjá Benedictow að Félag sagnfræðinema stóð fyrir ráðstefnu um svartadauða og í kjölfarið voru fyrirlestrar og umræður af ráðstefnunni birtar í *Sögnum* árið 1997. Áherslur fyrirlesara voru mismunandi enda um þverfaglega ráðstefnu að ræða og ekki gott meta hversu hatrammar umræðurnar voru. Almennt má segja að kenningin um lungnapestina á Íslandi hafi ekki fengið mikinn hljómgrunn. Jón Ólafur Ísberg taldi líklegt að rottur hefðu verið á Íslandi á síðmiðöldum[14] á meðan Haraldur Briem taldi að bæði lungnapest og kýlapest hefðu gengið um landið og að sýkin hljóti að hafa borist í menn með smitferjum eða sýktum dýrum. „Líklegasta smitferjan var mannaflóin. Hún gat verið virk smitferja allan ársins hring þó einkum að vetri til þegar hreinlæti og viðrun fatnaðar var síður stunduð. Í köldu árferði getur smituð mannafló lifað lengi.“[15]. Þessi mikla áhersla á að finna smitferjuna er að mörgu leyti skiljanleg því hún gæti verið lykillinn að mati á mannfalli og þar með á hugsanlegum samfélagslegum áhrifum plágunnar. Á ráðstefnunni sköpuðust einmitt mjög áhugaverðar umræður um áhrif plágunnar á íslenskt samfélag. Hversu fljótt var samfélagið að ná sér? Breyttist samfélagið til langs tíma? Hvað þarf mikið mannfall svo samfélag hrynji?[16]

Fátt segir svo af rannsóknum á plágunni á Íslandi fyrr en með grein Chris Callow og Charles Evans sem birtist í *Journal of Medieval History* árið 2016. Hér er enn verið að höggva í sama knérunn. Viðfangsefnið er mannfall, áhrif á byggð og smitleiðir. Töldu þeir að mannfall hefði verið ofmetið á Íslandi út frá óljósum lýsingum annála. Það sé erfitt að nota eyðibyggðir sem mælikvarða á mannfall því byggð á smábýlum og jaðarsvæðum hafi alltaf verið óstöðug. Töldu þeir einnig líklegast að rottur og rottuflær hafi verið meginsmitberar og komið til Íslands með enskum eða þýskum skipum, þó enn hafi ekki fundist nokkur merki um það.[17]

---

[13] Benedictow, *The Black Death 1346-1353*, 146 nm.
[14] Jón Ólafur Ísberg, „Svartidauði, sóttir og fólksfjöldi,“ 91-97.
[15] Haraldur Briem, „Plágurnar frá sjónarhorni faraldsfræðinnar,“ 86.
[16] „Umræður,“ *Sagnir*, 110-114.
[17] Callow, „The mystery of plague in medieval Iceland,“ 254-284.

Árni Daníel Júlíusson hefur komið með aðra nálgun á þetta viðfangsefni og er hún meira í ætt við umhverfissagnfræði. Í bók hans *Af hverju strái. Saga af byggð, grasi og bændum 1300-1700* sem kom út árið 2018. Árni Daníel styðst við gróðurfarsrannsóknir, frjókornagreiningar og fornleifarannsóknir til að styðja við sínar sagnfræðirannsóknir á byggð og byggðaþróun. Í umfjöllun sinni um svartadauða lætur hann liggja á milli hluta hvernig plágan smitaðist manna á milli og einbeitir sér að greinanlegum áhrifum á byggð, samfélag og landbúnað. Árni Daníel kemst að þeirri niðurstöðu að mikið mannfall hafi orðið í plágunni og mörg býli hafi farið í eyði. Skortur á mannafla varð til þess að kornrækt lagðist næstum því af og sauðfjárrækt jókst á kostnað nautgriparæktar. Nýtt landbúnaðarkerfi þróaðist í kjölfar plágunnar, landbúnaðarkerfi sem hélst allt fram á 19. öld.[18]

Í þessari ritgerð er ætlunin einmitt að skoða betur búsetuþróun síðmiðalda út frá nýjum upplýsingum sem fornleifarannsóknir síðustu ára hafa gefið okkur og kanna hvort áhrif plágunnar á byggð séu merkjanleg.

[18] Árni Daníel Júlíusson, *Af hverju strái*, 131-141, 250-251.

3. Norræna eyðibýlarannsóknin

Eyðing byggðar var sérstakt umfjöllunarefni á norræna sagnfræðingaþinginu í Björgvin árið 1964. Þessa umfjöllun má líklega rekja til umræðu meðal sagnfræðinga í Vestur-Evrópu um efnahagslega kreppu síðmiðalda. Í kjölfar þingsins var stofnað til samnorræns verkefnis sem gekk undir heitinu *Det nordiske ödegårdprosjekt* og hófst árið 1968.[19] Markmiðið var að fá samanburð á byggðaþróun á stóru svæði en einnig á mismunandi einkennum svæða, til dæmis landbúnaðarsvæða og fiskveiðisvæða eða mismunandi legu svæða.[20]

Rannsakendur voru ekki síst að velta fyrir sér hvort plágan 1350 hefði í raun verið meginorsök hnignunar, „kenningar komu fram af lýðfræðilegum (demógrafískum) toga um offjölgun, landþrengsl og eyðingu vegna kólnandi loftslags“. Rannsóknarhópurinn hafði mikinn áhuga á því að fá Íslendinga með í rannsóknina, ekki síst vegna þess að plágan kom ekki til Íslands fyrr en 1402-04 og ritaðar heimildir frá þessum tíma eru ríkulegar hér á landi í samanburði við önnur lönd. Að auki voru bundnar vonir við að „gjóskulagafræðin gæti orðið hjálpleg, einkum til nákvæmrar tímasetningar á upphafi þess að jarðir lögðust í eyði“.[21]

Árið 1972 birtist í *Sögu* grein eftir Björn Teitsson og Magnús Stefánsson þar sem farið er yfir rannsóknir á íslenskri byggðasögu fram til 1700. Grein þessi var hluti af framlagi Íslendinga í hinni norrænu eyðibýlarannsókn. Hér er farið yfir víðan völl, tæpt á skoðunum og rannsóknum helstu fræðimanna á Íslandi, auk þess sem horft er til rannsókna í öðrum fræðigreinum svo sem fornleifafræði, náttúrufræði, bæjarnafnarannsókn, mannfjöldarannsókna og rannsóknir á veðurfari og loftslagi svo eitthvað sé nefnt. Þessi grein er birt áður en hinum eiginlegu eyðibýlarannsóknum á Íslandi er lokið en greina má, á milli lína, skoðanir og hugmyndir greinarhöfunda á búsetuþróun síðmiðalda. Í fyrsta lagi

[19] Helgi Þorláksson, „Desertion and land colonization in the Nordic-countries c. 1300-1600“, 198.
[20] Ólafur Ásgeirsson, “Desertion and land colonization in the Nordic-countries c. 1300-1600”, 298-299.
[21] Helgi Þorláksson, „Desertion and land colonization in the Nordic-countries c. 1300-1600“, 198.

telja þeir ljóst að 15. öldin hafi verið Íslendingum erfið, ekki eingöngu vegna plágufaraldra heldur einnig vegna kólnandi loftslags og aukinnar landeyðingar. Í öðru lagi draga þeir nokkuð í efa fjölda eyðibýla sem nefnd eru í t.d. Jarðabókinni. Alltént séu þetta býli sem fóru í eyði á löngu tímabili og vegna mismunandi orsaka. Í þriðja lagi að Íslendingar hafi verið fljótir að jafna sig eftir pestirnar, „eyðijarðir lágu því venjulega ekki lengi í eyði af völdum pesta“. Eyðing jarða gæti líka hafa stafað af aukinni eftirspurn eftir fiski og fólk hafi í auknum mæli flutt að ströndum landsins til að stunda sjóinn. Þeir telja ekki líklegt að hjáleigur hafi verið margar fyrr en á 14. öld en viðurkenna að margt sé enn órannsakað á sviði byggðasögu.[22]

Þegar helstu niðurstöður eyðibýlarannsóknarinnar fyrir Ísland eru skoðaðar má sjá nokkurn samhljóm með niðurstöðu greinarinnar. 15. öldin var tími fólksfækkunar og byggðareyðingar nema á fiskveiðisvæðum, þar verður vart við þenslu. Á 16. öld fer fólki að fjölga en þó má merkja hægari fjölgun hér á landi en í Noregi. Ástæðuna fyrir því mætti rekja til eldgosa og sjúkdómsfaraldra. „Þegar könnuð er eyðing byggðar virðist harla oft sem margir eða flestir þættir vinni saman, félagslegir, landfræðilegir og efnahagslegir. Eyðibýli er oft úr al-faraleið, uppi til fjalla, smátt í sniðum og því sameinast ókostir búskaparháttanna um að koma því úr byggð.“[23]

Til að meta áhrif meintrar kreppu á byggð og mannfjölda þurfti að gera sér hugmyndir um hvert umfang þessara þátta var í upphafi og lok tímabilsins. Í eyðibýlarannsókninni beittu Norðmenn aðferðafræði sem þeir kölluðu afturhverfu. Býlum voru gefin stig útfrá eftirfarandi þáttum:

a) Elstu ritaðri heimild – því eldri heimild, því fleiri stig.
b) Landskuld – því hærri renta á 16. og 17. öld, því eldri voru býlin talin vera og fengu þar af leiðandi fleiri stig.

[22] Björn Teitsson og Magnús Stefánsson. “Um rannsóknir á íslenzkri byggðarsögu tímabilsins fyrir 1700”.
[23] Ólafur Ásgeirsson, “Desertion and land colonization in the Nordic-countries c. 1300-1600”, bls. 301.

c) Bæjarheitum. Bæjarheiti með ákveðnum endingum var talin vera vísbending um háan aldur býlis og stigagjöf tók mið af því.[24]

Eins og Helgi Þorláksson bendir á í sinni grein þá er sá megingalli á þessu verkefni að þátttakendur komu sér ekki saman um aðferðafræði og því varð samanburður á milli landa ómarkviss. Danskir og sænskir sagnfræðingar töldu til dæmis að norska aðferðafræðin myndi ekki henta þeim, bæjarheitin gæfu ekki góða vísbendingar um aldur býla ásamt því að skipan eignarhalds, landskuldir og skattar hefðu mögulega tekið of miklum breytingum á 16. öld svo hægt væri yfirfæra þá vitneskju á miðaldir.[25]

Á Íslandi var norsku aðferðinni beitt en þó með íslensku sniði. Björn Teitsson kannaði byggð í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar voru býlum gefin stig eftir því hversu líklegt var talið að þau hafi verið í byggð á 14. öld. Rétt eins og hjá Norðmönnunum voru stig gefin eftir aldri ritaðra heimilda en Björn gekk út frá því að virði jarða á 17. öld væri skýr vísbending um aldur þeirra, þ.e. því verðmeiri sem jarðirnar hefðu verið, því eldri væru þær. Árni Indriðason kannaði byggð í austanverðum Skagafirði. Hann beitti sömu aðferð og Björn en tók þó einnig mið af bæjarheitum.[26] Ólafur Ásgeirsson fjallaði svo um byggð á utanverðu Snæfellsnesi en þar með var hægt að gera samanburð á landbúnaðarsvæðum annars vegar og sjávarútvegssvæðum hins vegar.[27]

Þegar horft er á heildarniðurstöður rannsóknarinnar má sjá mikinn mun milli landa og milli svæða innan landa. Noregur kemur hvað verst út úr þessu þar sem hlutfall býla sem fara í eyði á 14. öld er meira en 40% á stórum svæðum. Í Finnlandi virðist hlutfallið vera mjög lítið eða undir 15%. Það sama átti við um

[24] Helgi Þorláksson, „Desertion and land colonization in the Nordic-countries c. 1300-1600“, bls. 201.
[25] Helgi Þorláksson, „Desertion and land colonization in the Nordic-countries c. 1300-1600“, bls. 202.
[26] Helgi Þorláksson, „Desertion and land colonization in the Nordic-countries c. 1300-1600“, bls.202.
[27] Ólafur Ásgeirsson, “Desertion and land colonization in the Nordic-countries c. 1300-1600”, bls.300.

Svíþjóð en þó breytilegt eftir svæðum en niðurstöður fyrir Danmerkur eru mjög mismunandi eftir svæðum.[28]

Björn Teitsson komst að þeirri niðurstöðu að býlin hefðu verið að lágmarki 279 í Suður-Þingeyjarsýslu á 14. öld. 57 þeirra hafi farið í eyði á 15. öld eða 20%, en þar sem þau voru ekki öll í eyði á sama tíma þá taldi Björn að hlutfall eyðibýla hefði verið nær því að vera 15% í upphafi 16. aldar. Björn taldi líklegar ástæður fyrir fjölgun eyðibýla hafa verið ýmsir sjúkdómsfaraldrar en einnig árásir erlendra sjófara. Árni Indriðason komst að svipaðri niðurstöðu. Fjöldi býla hafi verið 235 í austanverðum Skagafirði um 1400. 54 þessara býla eða 23% voru í eyði einhvern tíma á tímabilinu 1402-1550 en þar sem þau voru ekki öll í eyði á sama tíma þá hafi hlutfallið verið eitthvað lægra í raun. Árni taldi aftur á móti að meginástæður þess að býli fóru í eyði á 15. öld hefðu verið plágufaraldrarnir. Niðurstöður Ólafs Ásgeirssonar fyrir Snæfellsnes voru allt aðrar. Þar verður ekki vart við nein eyðibýli, þvert á móti verður vart við fólksfjölgun á svæðinu. Þessa niðurstöður tengir Ólafur við vaxandi sjósókn og fiskveiðar.[29]

Undanfarin ár hafa niðurstöður hinnar norrænu eyðibýlarannsóknar sætt gagnrýni, sérstaklega í Svíþjóð. Meðal gagnrýnanda er Per Lagerås en hann hefur talað fyrir þverfaglegri nálgun á rannsókn byggðaþróunar á síðmiðöldum vegna skorts á rituðum heimildum frá þessum tíma. Í bók Per Lagerås og meðhöfunda, *Environment, Society and the Black Death*, kemur fram að frjókornagreiningar hafi leitt í ljós breytinar á nýtingu lands í kjölfar svartadauða. Í uppsveitum Suður-Svíþjóðar virðast um 50% býla leggjast í eyði. Þessi ályktun er dregin út frá frjókornum kornplantna en þau er yfirleitt að finna nálægt býlum og plönturnar vaxa ekki villtar í náttúrunni. Um miðja 14. öld verður vart við snögga breytingu þegar þessum tilteknu frjókornum fækkar stórlega. Við tekur fjölgun frjókorna frá trjáplöntum, til dæmis birki. Úr greiningunum má einnig lesa að sums staðar hafi frjókorn plantna sem þrífast best í högum og engjum haldið

[28] Gissel, S., & Björn Teitsson. *Desertion and land colonization in the Nordic countries c. 1300-1600*, bls. 103.
[29] Gissel, S., & Björn Teitsson. *Desertion and land colonization in the Nordic countries c. 1300-1600*, bls. 100-101.

velli, þrátt fyrir að býlin hafi lagst í eyði sem bendir til þess að eyðibýlin hafi verið nýtt til beitar. Þetta bendir til breytinga í landbúnaðarkerfinu. Með fólksfækkun og fækkun býla í byggð hafi bændur í vaxandi mæli farið út í kvikfjárrækt sem kallar á meira landrými en minni mannafla. Láglendið sýni ekki sömu mynd, þar virðist kornrækt hafa haldið áfram. Þetta gæti einnig bent til fólksflutninga í kjölfar fólksfækkunar. Þegar býli hafi losnað á láglendinu, þar sem jarðir voru gjöfular og frjósamar, þá hafi fólk flutt frá uppsveitunum og niður á láglendið, en frekari greiningar þurfi að fara fram til að sannreyna þessa tilgátu.[30]

Niðurstöður fornleifarannsókna benda einnig til fækkunar býla í byggð bæði í uppsveitum og láglendi ásamt stöðnun í byggingarframkvæmdum. En niðurstöðurnar sýna líka aðlögun fólks að breyttum aðstæðum, ekki síst fólksfækkun og þar af leiðandi skorti á vinnuafli. Þessi aðlögun kemur fram í byggingum, skipulagi bygginga og verklagi. Þá kemur í ljós að endurskipulagning og aðlögun einskorðaðist ekki við dreifbýli því þessi áhrif koma einnig fram í þéttbýli.[31]

Í bókinni er einnig stuðst við rannsóknir fornmeinafræðinga á beinagrindum og greiningu þeirra á eldri rannsóknargögnum. Fjöldagrafir virðast fátíðar eða óþekktar frá þessum tíma sem bendir til þess að fórnarlömb svartadauða og endurtekinna plágufaralda hafi alla jafna verið grafin í venjulegum kirkjugörðum. Það hafa þó fundist grafaþyrpingar og tvö- og þrefaldar grafir í nokkrum kirkjugörðum í Svíþjóð sem líklega geymdu fórnalömb plágunnar. Margt bendir því til þess að fólk á miðöldum hafi haldið mjög fast í sína helgi- og greftrunarsiði. Sérstakir plágukirkjugarðar voru að öllum líkindum ekki stofnaðir fyrr en í plágufaraldrinum 1710-1713.[32]

Fornmeinafræðingarnir rannsökuðu einnig hvort greina mætti breytingar á líkamsvexti (hæð) í samhengi við svartadauða, sérstaklega þá tilgátu að lífskjör

[30] Lagerås, *Environment, Society and the Black Death*, kafli 4 [Rafræn útgáfa án blaðsíðutals og því vísað í kafla].
[31] Lagerås, *Environment, Society and the Black Death*, kafli 5 [Rafræn útgáfa án blaðsíðutals og því vísað í kafla].
[32] Lagerås, *Environment, Society and the Black Death*, kafli 6 [Rafræn útgáfa án blaðsíðutals og því vísað í kafla].

hafi batnað eftir að plágan reið yfir. Niðurstöður rannsókna á beinagrindum styðja þessa tilgátu að einhverju leyti. Meðalvöxtur jókst lítillega eftir 1350, bæði meðal karla og kvenna, en aukningin er lítil og aðeins tölfræðilega marktækur fyrir konur. Þá er bent á þann möguleika að gera ísótóparannsóknir á beinagrindum til kanna fólksflutninga en einnig hvort aukin kvikfjárrækt komi fram sem breytingar á mataræði. Fyrstu niðurstöður benda til þess að þessar breytingar hafi átt sér stað fyrir svartadauða en rannsaka þarf þennan þátt frekar og jafnvel taka inn fleiri breytur sem gætu haft áhrif á niðurstöðurnar.[33]

Þessar niðurstöður leiða hugann að því hvort ekki þurfi að endurskoða niðurstöður Norrænu eyðibýlarannsóknarinnar fyrir Ísland. Mikið vatn hefur runnið til sjávar eftir að þessi rannsókn var gerð. Hvað íslenska byggðasögu varðar hafa framfarir á sviði fornleifarannsókna stóraukið við þekkingu okkar varðandi búsetuþróun á miðöldum. Það er því orðið tímabært að bera saman niðurstöður eyðibýlarannsóknarinnar við þau gögn sem við höfum í höndunum í dag. Fyrsta skrefið er að kryfja aðferðafræði eyðibýlarannsóknarinnar með því að líta á rannsókn Árna Indriðasonar.

3.1. Eyðibýlarannsóknin í Skagafirði

Árni Indriðason tók fyrir Austur-Skagafjörð í sinni rannsókn, þ.e. Akrahrepp, Viðvíkurhrepp, Hólahrepp, Hofshrepp, Fellshrepp, Holtahrepp og Haganeshrepp. Rannsóknin skyldi ná yfir tímabilið 1200-1700 með áherslu á 15. og 16. öld „sem almennt eru taldar erfiðleikatímabil í íslenzkri byggðarsögu “. Árni taldi upp tvær meginástæður þess að hann valdi Skagafjörð sem viðfangsefni. Í fyrsta lagi væri Skagafjörður einkennandi landbúnaðarhérað og gæti því gefið almenna mynd af byggðaþróun í öðrum landbúnaðarhéruðum. Í öðru lagi væru til ríkar heimildir af svæðinu vegna staðsetningar biskupsstólsins á Hólum í Skagafirði.[34]

Rannsókninni má skipta í þrjá hluta. Í fyrsta hlutanum reynir hann að gera sér grein fyrir umfangi byggðar um 1400. Í öðrum hlutanum ber hann niðurstöður

[33] Lagerås, *Environment, Society and the Black Death*, kafli 6 og 10 [Rafræn útgáfa án blaðsíðutals og því vísað í kafla].
[34] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 1.

fyrsta hluta saman við fjölda býla í máldögum. Í þriðja hlutanum áætlar hann hvaða jarðir fóru í eyði á 14.-15. öld.

3.1.1. Umfang byggðar um 1400

Árni taldi nauðsynlegt að komast að einhverri niðurstöðu hvert umfang byggðarinnar hafi verið um 1400 svo hægt væri að meta möguleg áhrif svartadauða og annarra hamfara á byggð. Þar sem ritaðar heimildir frá 14. öld og fyrr eru af skornum skammti studdist Árni við aðferðafræði sem hann sagði að tíðkaðist í norskum byggðarsögurannsóknum. Sú aðferðafræði fólst í því að leita einnig eftir öðrum einkennum sem bent gæti á aldur jarða en þau væru: Nafn jarðar, dýrleiki jarðar og heimildir um guðshús á jörð. Þessum einkennum eru gefin stig (1-10) eftir mikilvægi. „Þær jarðir sem fá 10 stig af einu einkenni teljast öruggar 14. aldar jarðir. Þær sem fá 10 stig eða meira af tveim einkennum teljast næstum öruggar en þær sem ná ekki 10 stigum af tveim (eða fleiri) einkennum hljóta nákvæma umfjöllun hver fyrir sig.“[35]

Elsta heimild

Stigagjöf Árna fyrir elstu heimild er á þessa leið:

Fyrir 1400	10 stig
1401-1450	9 stig
1451-1495	8 stig
1496-1526	8 stig
1527-1550	7 stig
1551-1570	5 stig
1571-1600	3 stig
1601-1650	2 stig
1650-1714	1 stig

[35] Þ Í. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 7.

Gefin eru jafnmörg stig fyrir tímabilin 1451-1495 og 1496-1526 vegna þess að taka þarf tillit til plágunnar síðari 1495, til dæmis voru nokkrar jarðir Hólastóls enn í eyði 1526 vegna þessa. Þá tekur Árni svo til orða:

> Rétt er að undirstrika það, að gefa verður tiltölulega mörg stig öllum jörðum, sem finnast fyrst í hemildum 1400-1570, vegna þess að á þessu tímabili öllu hef ég ekki rekist á eina einustu heimild úr austanverðum Skagafirði, sem vitnar ótvírætt um nýtt landnám, nýbýli eða þess háttar. Hins vegar eru fjölmörg dæmi um að jarðir liggi í eyði á sama tíma. Á meðan jarðir lágu í eyði í nokkrum mæli á afmörkuðu svæði virðist afar ólíklegt að menn hafi fremur ráðizt í að reisa nýbýli og leggja á sig þá erfiðleika sem því fylgdu en að taka á leigu eyðijörð með einhverju túni og húsum.[36]

Nafn jarðar

Stigagjöf vegna nafna bæja byggði að mestu á ritgerð Finns Jónssonar prófessors, *Bæjarnöfn á Íslandi*, og ekki síst á rannsóknum Ólafs Lárussonar sem birtar voru í ritinu *Byggð og saga*. Hér er gengið út frá því að bæjarnöfnin gefi vitneskju um aldursröð bæja innbyrðis.

Nöfn sem enda á	
-staðir, -bær, -bú	10 stig
-land, -lendi	8 stig
-gerði, -sel, -hús	3 stig

Gengið er út frá því að bæir með endingunni -staðir og -bær tilheyri eldra stigi byggðasögunnar en bæir með endingunni -kot, -gerði, -hús, -sel, -búð séu af yngra stigi. Aftur á móti sé erfitt eða ómögulegt að aldurgreina bæjarnöfn sem hafa tilvísun í náttúruna svo sem -hóll, -holt, -tunga og svo framvegis.[37]

Grunnhugmynd Ólafs Lárussonar er sú að þegar greina megi svæðis-bundin mun á dreifingu bæjarheita þá bendi það til einhvers konar venju innan héraðs en slíkar venjur gætu ekki hafa komist á fyrr en eftir nokkurn tíma. Í

[36] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 9, 13.
[37] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 9-11, 13.

rannsókn Ólafs á bæjarheitum komst hann að þeirri niðurstöðu að bæjarheiti með endingunni -staður eða -bær dreifist nokkuð jafnt yfir landið. Bæjarnöfn með endingunni -kot eru aftur á móti algengari í Húnavatnssýslum og Skagafirði en öðrum sýslum. Bæjarnöfnum með endingunni -gerði er mjög misskipt um landið. Ekkert gerðisnafn er í Strandasýslu en þau eru flest í Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Land-nöfnin eru hlutfallslega flest í Skagafirði. Búðirnar eru svo einkum á Vesturlandi. Því ætlar Ólafur að bæir með heiti sem enda á -kot, -gerði, -hús, -sel og -búð séu yfirleitt yngri en bæir sem enda á -staður og -bær. Þessar endingar bendi til búsýslu eða landsnota án bólfestu til að byrja með. Þegar heimabóndinn byggði öðrum manni hjáleigu þá var hjáleigunni valinn staður þar sem fyrir var sel, beitarhús, stekkjartún og svo framvegis. Þá gat hjáleigumaðurinn nýtt það sem fyrir var, tún eða hús. Ólafur telur einnig að hjáleigubyggð hefjist ekki fyrir alvöru fyrr en á 14. öld og bendir á að orðið hjáleiga komi hvergi fyrir í fornu máli og fyrsta skjalið sem innihaldi orðið hjáleigu sé frá 1431.

Þetta er áhugaverð nálgun en það má spyrja sig hvort allar þessar bæjarnafns-endingar hafi samt ekki þegar verið komnar fram um 1400, það er að segja ef hjáleigurnar voru komnar til sögunnar á 14. öld? Stigagjöfin gefi því litlar vísbendingar um hvaða býli hafi verið í byggð árið 1400. En með auknum aldursgreiningum á bæjarstæðum væri áhugavert að sjá hvort bæjarheiti segi eitthvað um aldur býla. Einna áhugaverðastar eru þó hugmyndir Ólafs um -kots endinguna. Ólafur taldi að kot hafi lengi merkt rústir. Þegar bærinn Hvammur fór í eyði voru rústir hans nefndar Hvammskot. Bærinn hélt svo þessu heiti þegar hann byggðist aftur.[38] Þessa hugmynd nýtir svo Árni Indriðason þegar hann metur hvaða bæir fóru í eyði.

Þar sem Fornbréfsafnið er allt orðið aðgengilegt á baekur.is var gerð lausleg athugun á hvenær orðin kot, eyðikot og bæjarnöfn með endingunni -kot birtast í skjölum. Notkun orðsins kot (í merkingunni býli) verður ekki algengt fyrr en eftir 1431. Elsta heimildin sem nefnir orðið „eyðikot“ er frá 1397, sú næsta frá

[38] Ólafur Lárusson, *Byggð og saga*, bls. 52, 54-56.

1404 en það virðist mest vera notað frá 1520-1553. Kotsending í bæjarheiti virðist þekkjast fyrr. Elsta dæmið er frá 1318 og alls fundust sjö dæmi frá því fyrir 1400. Notkunin verður tíðari eftir 1480.[39]

Dýrleiki jarða

Hér gengur Árni út frá því að jarðamat segi nokkuð til um aldur jarða.

0-9 hundruð	3 stig
10-19 hundruð	5 stig
20-29 hundruð	7 stig
30-49 hundruð	9 stig
50 – hundruð	10 stig

Þetta byggir á því að hið forna jarðamat hafi verið gert þegar, eða í kjölfar þess að, tíund var lögtekin um 1096. Tíund var eignarskattur og því var nauðsynlegt að hafa einhverja hugmynd matsverð jarða. Matið gekk þó meira út frá því hversu mikið kvikfé jörðin gat borið en hver raunveruleg stærð hennar var. Hér er grunnhugmyndin sú að byggð hafi þróast frá víðáttumiklum landnámsjörðum til uppskiptingar þeirra í smærri og smærri jarðir. „Elztu jarðirnar hafa því að jafnaði verið stærstu og beztu jarðirnar í hverju héraði því þeir sem fyrstir komu höfðu úr mestu að velja. Eftir því sem býlum fjölgaði með vaxandi fólksfjölda hefur verið um færri kosti að velja og jarðir orðið stöðugt rýrari.“[40] Hætt er við að þessi aðferðafræði nái frekar til lögbýla því hjáleigurnar voru hluti af jarðamati heimajarðar. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að jarðir geti sameinast.

Guðshús á jörðu

Hér gengur Árni út frá því að á 14. öld hafi kirkjuskipan í landinu verið fyrir löngu komin í fast form. „Eftir það hafa menn ekki staðið í þeim stórræðum að reisa guðshús á jörðum sínum, þar sem slík hús höfðu ekki áður staðið.“ Ef heimild

[39] *Diplomatarium Islandicum 1-15. bindi.*
[40] ÞÍ. Árni Indriðason. Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum, bls. 11-12.

greinir frá því að á jörðu standi guðshús þá bendi það sterklega til þess að um gamla jörð sé að ræða, alla vega frá því fyrir 1400 og fær jörðin þá 10 stig í samræmi við það.[41] Enn og aftur er fágætt að guðshús hafi verið á hjáleigum, fyrir vikið grípur þessi aðferð fyrst og fremst lögbýlin.

Niðurstöður stigagjafar

Þessi stigagjöf gaf Árna þá niðurstöðu að 185 jarðir væru öruggar 14. aldar jarðir en 43 næstum því öruggar sem gera samtals 228 jarðir. Fjórar jarðir uppfylltu ekki skilyrðin en það voru Skuggabjörg, Tinnársel, Berghylur og Vík.[42]

[41] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 13.
[42] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 28-29.



***Mynd 1. Miðaldabýli samkvæmt greiningu Árna Indriðasonar**. Bláir punktar eru örugg 14. aldar býli, grænir punktar eru næstum því örugg 14. aldar býli og bleikir punktar eru ólíkleg 14. aldar býli. Undirlag (kort) frá Landmælingum Íslands.*

Hér má greina nokkra svæðisskiptingu á öruggu 14. aldar býlunum en þau virðast vera mest áberandi í Blönduhlíðinni, Höfðaströndinni og Hjaltadalnum sem bendir til þess að nálægð við biskupsstólinn á Hólum í Hjaltadal hafi þar áhrif. Án vafa hafa klerkar biskupsstólsins verið í lykilstöðu þegar kemur að rita og halda utan um skjöl, sérstaklega á þessum tíma, og það mögulega haft áhrif á hvaða skjöl hafa varðveist. En næsta skref væri þá að athuga eignarhald jarðanna.



***Mynd 2. Jarðir í eigu Hólabiskupsdæmis samkvæmt The Old Icelandic Land Registers**. Hólar merktir með stjörnu. Undirlag (kort) frá Landmælingum Íslands.*

Dreifingu jarða sem teljast öruggar 14. aldar jarðir svipar mjög til dreifingar jarða í eigu Hólabiskupsdæmis í lok 17. aldar. Ef við skoðum svo nyrst á rannsóknarsvæðinu má sjá annað mynstur.



***Mynd 3. Tengsl eignarhalds jarða og vissu um tilvist á 14. öld**. Öruggar 14. aldar jarðir merktar með bláum punktum, minna öruggar 14. aldar jarðir merktar með grænu. Rauðir kassar eru jarðir í eigu einstaklinga samkvæmt The Old Icelandic Land Registers. Undirlag (kort) frá Landmælingum Íslands.*

Á mynd 3 má sjá hvernig líkurnar á því að jarðir teljist öruggar 14. aldar jarðir minnka ef eigandinn í lok 17. aldar er einstaklingur. Þetta hefur mögulega eitthvað með þá lykilstöðu sem biskupsstóllinn hafði varðandi þekkingu á umsýslu skjala. Hætt er því við að ef eingöngu er treyst á ritaðar heimildir þá fáum við skakka mynd af byggð miðalda. Þegar aðferðafræði Árna er rýnd er ljóst að hann hefur haft The Old Icelandic Land Registers sem grunn, leitað eftir heimildum um þá

bæi og bætt við bæjarnöfnum ef hann fann í heimildum. Árni gerði hér heiðarlega tilraun til að setja inn fleiri þætti en þegar á reyndi þá treysti hann langmest á skjallegar heimildir sem fjalla fyrst og fremst um lögbýli. The Old Icelandic Land Registers er skrá yfir lögbýli. Um 85% þeirra býla sem Árni tekur fyrir er einnig að finna í þeirri skrá.

Mynd 4. 14. aldar býli sem ekki eru skráð lögbýli á 17. öld. *Rauðir punktar eru býli skráð sem hjáleigur í Jarðabók, bláir punktar eru býli skráð sem lögbýli í Jarðabók, ljósbláir punktar eru skráð sem eyðibýl í Jarðabók og appelsínugulir punktar eru býli sem ekki er að finna í Jarðabók. Undirlag (kort) frá LMÍ.*

Af þeim jörðum sem skilur á milli er rúmlega helmingur skráður sem hjáleiga eða afbýli í Jarðabókinni. Í henni eru nokkrar jarðir kallaðar „eyðiból“ sem erfitt er að skilgreina. Einungis tvær jarðir eru skráðar sem lögbýli. Níu jarðir sem Árni listar upp er hvorki að finna í Jarðabók né The Old Icelandic Land Registers undir þessum sömu nöfnum. Staðirnir geta verið nefndir sem ónefnd þrælsgerði eða girðingar með tóftum í Jarðabók.

Samkvæmt þessu eru mun meiri líkur á því að lögbýli séu í byggð um 1400 en hjáleigur sem er í sjálfu sér ekkert óeðlileg niðurstaða en segir ósköp lítið ef stigagjöfin er þannig upp byggð að lögbýlin fái alltaf hærri stig en aðrar tegundir býla. Ritheimildirnar fjalla fyrst og fremst um lögbýlin, guðshús er alla jafna að finna á lögbýlum og bæjarnöfn sem benda til lögbýla fá mun fleiri stig en bæjarnöfn sem benda til minni býla. Það er því spurning hversu raunhæfa mynd stigakerfið gefur okkur af byggð um 1400, alténd ef myndin á að ná til allra tegunda býla.



Mynd 5. Býli í austurhluta Skagafjarðar um 1400*. Bláir punktar eru örugg 14. aldar býli, grænir punktar eru næstum því örugg 14. aldar býli og bleikir punktar eru ólíkleg 14. aldar býli. Rauðir hringir merkja lögbýli samkvæmt Jarðabók. Undirlag (kort) LMI.*

3.1.2. Samanburður við máldaga

Annar hluti rannsóknar Árna var að bera saman skrá hans yfir möguleg 14. aldar býli við máldaga. Í fornum máldögum kirkna kemur oft á tíðum fram fjöldi þeirra býla sem greiða áttu hey- og ljósatoll til kirkjunnar sem um var fjallað. Heiti þessara býla koma ekki fram en gefa okkur einhverja hugmynd um umfang byggðar.

Þormóður Sveinsson ritaði grein um máldaga innstu sókna Skagafjarðar þar sem hann er einmitt að skoða fjölda bæja sem koma þar fram og ekki síst breytinga á þeim fjölda á miðöldum. Þormóður gefur sér þær forsendur að bæjatalan nái eingöngu yfir lögbýli og að hvorki hálfkirkjujarðir sóknarinnar né alkirkjujörðin sjálf séu inn í tölunni.[43] Árni tekur undir þessa skoðun Þormóðs og skoðar því máldagana með þetta að leiðarljósi.[44]

Það eru þó gloppur í máldögunum, þ.e. það hafa ekki varðveist máldagar frá öllum sóknum austurhluta Skagafjarðar. Það virðist vanta frá svæðinu sem afmarkast af hreppamörkum Hofs- og Hólahrepps að norðan en Djúpadalsá að sunnan. Árni taldi þó það ekki koma að sök þar sem fyrir lægju ítarlegar heimildir um jarðir á svæðinu í Ráðsmannsreikningum Hóla í Hjaltadal „enda átti biskupsstóllinn á Hólum mjög snemma allar jarðir í næsta nágrenni við sig.“ Út frá þessu taldi Árni að á þessu svæði komi fyrir 73 býli í heimildum frá því fyrir 1400 og tekur þann kostinn að bæta þessari tölu við niðurstöður máldaganna.[45]

Tafla 1. Bæjartala samkvæmt fornum máldögum. Samantekt Árna Indriðasonar.

Sóknarkirkjur	Tollskyldir bæir	Hálfkirkjujarðir
Knappsstaðir	9	Hvammur
Holt	22	Tunga
Barð	24	Neðra-Haganes
Fell	20	Skálá

[43] Þormóður Sveinsson. „Bæjartalið í Auðunarmáldögum”, 45-46.
[44] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 31.
[45] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 31-32.

Höfði	3	
Málmey	0	
Hof	28	
Miklibær (Óslandshlíð)	9	Ósland
(Þverá)	(13)	(Djúpidalur)
Miklibær (Blönduhlíð)	8	Stóru-Akrar
Víðivellir	4	Úlfsstaðir
Silfrastaðir	6	
Flatatunga	1	Kelduland
Ábær	6	
13	140	9

Máldagarnir gefa til kynna að á því svæði sem tafla 1 nær yfir hafi verið 162 lögbýli á 14. öld, sem var hærri tala en Árni hafi fengið með sinni rannsókn fyrir sama svæði og munar sjö býlum. Þetta kom Árna nokkuð á óvart þar sem inn í hans tölu voru einnig býli sem voru skilgreind sem hjáleigur á seinni tímum. Þar sem hann taldi máldagana gefa traustar niðurstöður fór hann yfir heimildir til að finna þær jarðir sem upp á vantaði. Árni leitar í Jarðabókina til að finna líkleg 14. aldar lögbýli og bætir við eftirfarandi býlum: [46]

- **Minna-Fell**, **Minni-Skálá** og **Minni-Arnarstaðir** í Fellssókn.
- **Ártún** og **Hvammkot** í Höfða-, Hofs- og Miklabæjarsókn.
- **Fagrahlíð** og **Einilækir** í Ábæjarsókn.

Hér hefur Árni bætt við sjö bæjum sem honum finnst líklegastir til að vera lögbýli á 14. öld en gerir sér grein fyrir þeim vanda að stigakerfið gaf ekki upp sömu tölu lögbýla. „Þetta þýðir aftur á móti það að sú niðurstaða, sem fæst með þessum tveimur leiðum, sýnir lágmarks fjölda býla á 14. öld.“ Til samanburðar bendir Árni á að þegar manntalið var tekið 1703 voru, á sama svæði, 147 lögbýli en 39 hjáleigur eða u.þ.b. 21% býlanna. „Ef gert er ráð fyrir svipuðu hlutfalli milli lögbýla

[46] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 32-35, 37.

og hjáleigna á svæðinu á 14. öld hefði heildartala býla í austanverðum Skagafirði verið 279.“[47]

3.1.3. Eyðing byggðar

Eftir að Árni er komin með mynd af umfangi byggðar um 1400 fer hann að skoða eyðingu byggðar. Í fyrsta lagi tilgreinir hann þau býli sem eru sögð vera í eyði í 15. og 16. aldar heimildum. Í öðru lagi tilgreinir Árni býli sem hann telur óbeinar heimildir gefa sterka vísbendingar um eyðingu. Grundvöllurinn fyrir þessum óbeinu heimildum er samanburður á eignaskrám Hólastóls. Í þriðja lagi rannsakaði Árni breytingar á bæjarheitum og byggði á kenningum Ólafs Lárussonar, þ.e. að kotsending í bæjarheiti bendi til tímabundinnar eyðingar viðkomandi jarða en viðurkennir að ekki hafi verið gerð kerfisbundin rannsókn á þessu fyrir landið í heild. Í fjórða lagi skoðar Árni heimildir um landskuld jarða og dregur þá ályktun að „... mikil landskuldarlækkun á jörð eða óvenjulega lág landskuld, miðað við dýrleika viðk. jarðar, sé ótvíræð vísbending um eyðingu. Þegar jörð fór í eyði um nokkurt skeið drobbuðust niður húsin og tún fóru í órækt. Þegar byggð var tekin upp á nýjan leik var landskuldin venjulega lág í fyrstu, meðan verið var að koma jörðinni í búskaparhæft ástand.“[48]

Niðurstöður Árna eru þær að í austurhluta Skagafjarðar hafi, í það minnsta, 235 býli verið í byggð um 1400. Það eru yfirgnæfandi líkur á að 54 þeirra hafi farið í eyði á tímabilinu 1400-1550 sem gerir þá um 23% eyðingu.[49]

Ef við skoðum þessar jarðir kemur í ljós að ein jörð, Móskógar í Fljótum, nær 30 Hdr. í dýrleika samkvæmt Jónsbók. Tíu jarðir eru 20-24 Hdr. að dýrleika, 19 jarðir eru á bilinu 10 Hdr. til 16 Hdr. og tvær eru undir 10 Hdr. Aðrar eru ekki metnar í Jarðabókinni. Af þessum 54 býlum eru 27 býli skilgreind sem hjáleigur, afbýli eða eyðihjáleigur/eyðiból í Jarðabókinni.

[47] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 37-38.
[48] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 32-35, 37-45, 47.
[49] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 72.



***Mynd 6. Eyðibýli á tímabilinu 1400-1550 samkvæmt rannsókn Árna Indriðasonar**. Undirlag (kort) frá LMÍ.*

Árni tók einnig saman hvenær eyðibýlanna er svo aftur getið í byggð. Tveggja af eyðibýlunum 55[50] er getið í heimildum frá 1449, 22 býla er getið í heimildum frá 1526-1570, eins býlis er getið á tímabilinu 1571-1600 og 17 býla er fyrst aftur getið í heimildum á tímabilinu 1601-1714. 13 býli af þessum 55 fara því í langvarandi eyði.

Ólíkt því sem kemur fram í lokaniðurstöðum Norrænu eyðibýla-rannsóknarinnar telur Árni allt benda til þess að byggðareyðingu á 15. öld megi rekja til fólksfækkunar vegna plágunnar miklu 1402-04 og plágunnar síðari 1495. Heimildirnar gefi okkur takmarkað yfirlit yfir eyðingu byggðar. Árni telur að gera megi ráð fyrir því að eyðing jarða af völdum plágufaraldra 15. aldar hafi „verið talsvert umfangsmeiri en hér er mögulegt að sýna fram á.“ Þá dregur Árni einnig í efa að byggðin hafi verið fljót að jafna sig eftir fyrri plágufaraldurinn. „Hvað við kemur austanverðum Skagafirði er ekki annað að sjá en talsverður hópur jarða hafi enn legið í eyði um miðja 15. öld og jafnvel langt fram á 16. öld.“ Árni vekur einnig athygli á því að þrátt fyrir að eyðijarðir hafi smátt og smátt farið að byggst á nýjan leik þá hafi það ekki unnið upp landskuldarlækkunina sem varð á árunum 1388-1550 en veltir einnig upp þeim möguleika að orsökin fyrir því hafi verið landrýrnun og aukinn sjávarútvegur fremur en fólksfæð.[51]

Árna vantaði einn mikilvægan þátt sem norskir kollegar hans studdust við í sinni aðferðafræði, þ.e. fornleifafræðilegar rannsóknir. Það vill svo til að fornleifarannsóknir síðustu ára hafa einmitt aldursgreint margar þessara eyðijarða sem Árni tilgreinir og gott betur. Næsta skref er því að skoða hvaða mynd nýlegar fornleifarannsóknir í Skagafirði gefa okkur af byggðaþróun miðalda.

[50] Skatastaðir fara tvisvar í eyði á tímabilinu 1388-1550 eru því tvítaldir.
[51] ÞÍ. Árni Indriðason. „Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum“, bls. 85-88.

4. Nýlegar byggðasögurannsóknir í Skagafirði

Árið 2021 kom út tíunda og síðasta bindi **Byggðasögu Skagafjarðar** en fyrsta bindið kom út árið 1999. Byggðasaga Skagafjarðar var fyrst og fremst hugsuð sem uppflettirit um allar bújarðir Skagafjarðar. Segja má að vinnsla bókanna hafi þróast talsvert á ritunartímanum og er fyrir vikið töluverður munur á fyrsta bindinu og því síðasta.[52]



Mynd 7. Byggðasaga Skagafjarðar eftir bindum og hreppum.

Frá 2003 tók Byggðasagan upp samstarf við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga um rannsóknir á minjastöðum undir merkjum verkefnisins *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar.* Verkefnið stóð til 2019 en þá höfðu 140 staðir verið rannsakaðir en áherslan var á austurhluta Skagafjarðar. Dr. Guðný Zoëga

[52] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson, Kristján Eiríksson. *Byggðasaga Skagafjarðar. X. bindi,* bls. 7-8.

fornleifafræðingur stjórnaði verkefninu og var sjónum einkum beint að stöðum sem höfðu vakið áhuga Byggðasöguhöfunda á vettvangsferðum þeirra. „Þannig var hægt að staðfesta tilvist margra fornbæja sem óljósar sagnir voru um eða voru hreinlega týndir og í sumum tilfellum voru minjar um þá svo óljósar á yfirborði jarðar að þær varð að staðfesta með jarðvegsrannsókn.“[53]



***Mynd 8. Yfirlit yfir rannsóknarstaði Byggðasafns Skagfirðinga**. Unnið vegna Byggðasögu Skagafjarðar. Kort fengið hjá Byggðasafni Skagfirðinga. Höfundur: Bryndís Zoëga.*

[53] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson, Kristján Eiríksson. *Byggðasaga Skagafjarðar. X. bindi,* bls. 8.

Þegar horft er yfir þá staði sem valdir voru til rannsókna má sjá að þetta fellur vel að rannsókn Árna Indriðasonar. Það er því spennandi kostur að bera saman niðurstöður Byggðasögu Skagafjarðar við niðurstöður Eyðibýla-rannsóknarinnar. En það má einnig sjá á þessu yfirlitskorti að hér er um töluvert ójafna dreifingu á rannsóknarstöðum að ræða, þ.e. þetta er ekki kerfisbundin rannsókn á öllum jörðum á svæðinu og þarf að taka tillit til þess þegar niðurstöðurnar eru túlkaðar. Blönduhlíðin er til dæmis þéttbýlt landbúnaðarhérað og því líklegt að umtalsverður fjöldi minja hafi verið sléttaðar undir tún.

Það svæði sem var hvað mest rannsakað voru Fljótin. Þar spilaði inn í að meiri tími var til rannsókna á því svæði en einnig fengust styrkir úr Fornminjasjóði og Uppbyggingasjóði Norðurlands vestra til verksins.„Heildstæð mynd er því að verða til af aflagðri fornbyggð í Fljótunum, allt frá landnámi fram um 1900, sem vonandi verður grundvöllur ítarlegri rannsókna á svæðinu.“[54]

Reynt var að rannsaka minjarnar með lágmarks inngripi, þ.e. með kjarnabor eða könnunarskurðum. Með þessum rannsóknum er leitast við að svara því hvort um mannvist væri að ræða, hver aldur minjanna væri og tegund. Helstu gjóskulög sem finnast í Skagafirði eru: H3 (forsögulegt gjóskulag), Lns (Landnámslagið sem féll um 870), Vj˜1000 (gjóskulag úr Vatnajökli sem féll um 1000), H1104 (gjóskulag úr Heklu sem féll um 1104), H1300 (gjóskulag úr Heklu sem féll árið 1300), H1766 (gjóskulag úr Heklu sem féll 1766).[55] 15. og 16. öld lendir því miður á einu tímabili milli gjóskulaganna H1300 og H1766 og því getur verið erfitt að tilgreina hvort býli hafi farið í eyði vegna svartadauða en rannsóknirnar gefa sannarlega til greina hvort býlið hafi verið komið til sögunnar áður en H1300 og H1104 féll. Þá getur verið erfitt með þessari aðferð að aðgreina bústaði með árstíðabundnu hlutverki (t.d. sel) frá híbýlum með samfelldu en stuttu íbúðarskeiði. Eins og hefur komið fram þá var ekki um kerfisbundna rannsóknir að ræða, þ.e. ekki voru teknir borkjarnar á öllum bæjarstæðum á tilteknu svæðu

[54] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XIII – byggðasögurannsókn*, bls. 2.
[55] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XIII – byggðasögurannsókn*, bls. 3-4.

heldur var leitast við að staðfesta staðsetningu og aldur býla sem litlar heimildir eru til um. Fyrir vikið skortir oft rannsóknir á sambandi milli býla. Ef við höfum ekki aldursgreiningu á öllum bæjarstæðum tiltekinnar jarðar getur verið erfitt að svara því hvort um sé að ræða minjar um tvíbýli, hjáleigu eða breytingar á bæjarstæði. Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga þegar horft er á niðurstöður þessara fornleifarannsókna. Þá er greinanlegur munur á umfjöllun Byggðasöguritara og fornleifafræðinga, þeir síðarnefndu eru nokkuð varfærnir þegar kemur að túlkun á niðurstöðu fornleifarannsókna. Hér verður einkum horft á þau tvö svæði í austurhluta Skagafjarðar sem fornleifafræðingar hafa hvað mest rannsakað, Fljótin ásamt Sléttuhlíð og Austurdal.

4.1. Austurdalur

Austurdalur nefnist svæðið frá Grjótárgili og inn að miðhálendi. Út frá legu landsins væri þó nærtækara að miða við Merkigilið og er það gert hér í þessari umfjöllun. Hér er um að ræða syðsta svæði byggðar í Skagafirði, jaðarsvæði við hálendið og liggur langt frá sjó. Innsti bærinn, Sandgil, er í 360 metra hæð yfir sjávarmáli.

Austurdalur hefur löngum þótt forvitnilegur í augum fræðimanna, ekki síst vegna sagna um mikla byggð í dalnum. Munnmæli segja að eitt sinn hafi 25 bæir og hjáleigur verið í Austurdal en meirihluti þeirra hafi farið í eyði í kjölfar svartadauða. Daniel Bruun kannaði dalinn 1897 og taldi sig hafa fundið flesta þessara 25 minjastaða. Hann dró þó í efa að staðirnir hafi allir verið minjar um býli og gæti allt eins verið minjar selja eins og nafn þeirra bendir stundum til. Það má einnig merkja það í umfjöllun hans um Skagafjarðadali að hann var ekki mjög trúaður á það að bæirnir hefðu lagst í eyði við einn atburð, þ.e. svartadauða, heldur að byggðin hefði eyðst smám saman.[56]

Guðrún Sveinbjarnardóttir rannsakaði Austurdalinn ásamt fleiri svæðum á níunda áratugnum. Hún tók fyrir 31 minjastað, þar af þrjá sem tilheyra

[56] Bruun, Daniel. *Íslensk þjóðlíf í þúsund ár*. *Fyrra bindi*, bls. 235-238.

Lýtingsstaðahreppi og eru því ekki til umræðu hér. Á sumum þeirra tókst að gera aldursgreiningar með könnunarskurðum eða borkjörnum (Öxl, Kolgrímastaðir, Svartibakki, Tinnársel, Miðklif, Hólakot, Einilækur). Helstu niðurstöður Guðrúnar eru að fjöldi býla í dalnum hafi verið töluvert fleiri en þeir 6-8 bæir sem ritaðar miðaldaheimildir telja upp. Það eru vísbendingar um að vesturhluti dalsins hafi lagst alveg í eyði í kringum 1500. [57]

Í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar skilgreindi Byggðasafn Skagfirðinga í samstarfi við minjavörð Norðurlands vestra könnunarstaði í valda minjastaði í Austurdal með því markmiði að ákvarða aldur og hlutverk minjanna. Staðina sem urðu fyrir valinu hafði Hjalti Pálsson, Byggðasöguritari, fundið á vettvangsferðum sínum. Auk þess voru einungis rannsakaðir staðir sem dr. Guðrún Sveinbjarnardóttir hafði ekki tekið fyrir eða grafið í. Litið var svo á að rannsókn Byggðasafns Skagfirðinga þjónaði sem viðbót við rannsókn Guðrúnar. Rannsókn Byggðasafnsins fór fram á árunum 2003-2005.[58] Eins og gengur og gerist þá eru rannsakendur ekki alltaf sammála. Yfirleitt var ágreiningurinn fólginn í mismunandi túlkun á örnefnaskrám og fyrra hlutverki minjastaða. En byrjum á því að skoða greiningu Árna Indriðasonar á byggð í Austurdal.

[57] Guðrún Sveinbjarnardóttir. *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland*, bls. 165-170.
[58] Guðný Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar I – byggðasöguleg fornleifarannsókn*, bls. 3.



***Mynd 9. Möguleg býli í Austurdal á 14. öld. Greining Árna Indriðasonar**. Bláir punktar merkja örugg býli, fjólublár punktar merkja ólíkleg býli og appelsínugulir punktar merkja viðbætur út frá máldögum og Jarðabók ÁM. Undirlag (kort) frá LMÍ.*

Allar jarðir sem taldar eru öruggar jarðir samkvæmt greiningu Árna eiga það sammerkt að vera skráðar sem lögbýli í Jarðabókinni 1713. Ábær er kirkjustaður og á Merkigili stóð bænhús með kirkjugarði. Einilækir og Fagrahlíð eru skráð sem „eyðiból“ í Jarðabókinni. Þessi býli eru ekki nefnd í rituðum heimildum fyrr en í Jarðabókinni en Árni bætir þeim við sem mögulegum býlum til að fá fjölda jarða til ganga upp út frá máldögum. Jörðin Skuggabjörg er talin ólíkleg 14. aldar jörð og það sama má segja um Tinnársel. Einilækir og Fagrahlíð hafi lagst í eyði einhvern tíma eftir 1318 og aldrei byggst upp aftur. Skatastaðir hafi farið í eyði á tímabilinu 1388-1446, fari aftur í byggð 1449 en hafi lagst aftur í eyði á tímabilinu 1449-1525. Er næst getið í byggð 1550. Býlin hafi sem sagt verið samtals sjö í kringum 1300 en eftir 1300 þá hafi tvö býli farið endanlega í eyði en eitt býli

tímabundið . Samkvæmt þessu hafa fjögur býli verið í byggð í Austurdal um 1500, öll austan megin í dalnum og öll lögbýli.



Mynd 10. Fornbýli og lögbýli í Austurdal samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar*. Undirlag (kort) frá LMÍ.*

En skoðum þá niðurstöður Byggðasöguritara og fornleifafræðinga sem hafa rannsakað Austurdal síðustu 30 árin. Við fyrstu sýn virðast vera mjög mörg býli í Austurdal (mynd 10) en þegar betur er að gáð þá eru þau ekki öll í byggð á sama tíma, auk þess sem vafi leikur á tilvist og/staðsetningu sumra þeirra. Stundum er erfitt að henda reiður á örnefnum út frá takmörkuðum lýsingum í örnefnaskrám.[59] Í umfjöllun um fornbýli í Austurdal kemur margoft fram hjá Byggðasöguritara að hann telji það „næstum ófrávíkjanleg regla á fyrstu öldum byggðar“ að hlaðnir hafi

[59] Sjá t.d. umfjöllun um Leiti og Þverá. Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason. *Byggðasaga Skagafjarðar* IV. bindi, bls. 551-552, 556-557.

verið túngarðar í kringum býlin.[60] En á móti má spyrja sig að því hvort allir minjastaðir með garðlagi í kring séu býli? Gæti verið um gerði að ræða? Hér er tekin fyrir þau býli sem hafa fundist og verið metin fornbýli, þau sem hafa verið aldursgreind og/eða hægt hefur verið að staðfesta búsetu með fornleifa-rannsóknum, auk þeirra býla sem getið er í rituðum heimildum frá miðöldum. Leiti, Væthús og Brennigil eru tekin með en fá stöðu „mögulegs“ býlis, því enn á eftir að gera fornleifakönnun og fá úr því skorið hvort um bústað sé að ræða en Byggðasöguritari taldi þau vera fornbýli .[61]



Mynd 11. Býli í Austurdal fyrir 1104. *Rauðir punktar eru staðfest aldursgreining, bleikir punktar líkleg býli og hvítir punktar möguleg býli. Undirlag (kort) frá LMÍ.*

„Ábær er talinn landnámsjörð í Austurdal, bústaður Önundar víss er „land nam upp frá Merkigili, enn eystra dal allt fyrir austan“.“ Landnáma segir enn fremur að

[60] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason. *Byggðasaga Skagafjarðar* IV. bindi, bls. 556.
[61] Þá er einnig gert ráð fyrir því að ef þetta séu sannarlega býli þá hafi þau verið uppi frá 1104 og fram yfir 1300 með hliðsjón að þróun byggðar innar í dalnum.

Önundur hafi búið „milli á“ sem hefur verið túlkað svo að hann hafi búið á milli Ábæjarár og Tinnár.[62] Mögulegt kuml við Ábæ sem Matthías Þórðarson greinir frá í upphafi 20. aldar ýtir enn frekar undir þá kenningu.[63] Því miður höfum við ekki heldur aldursgreiningar á lögbýlunum Merkigili, Miðhúsum og Skatastöðum. Þar var ábúð stöðugri og hélst fram á 20. öld en það bitnar á varðveislu minja á bæjarstæðunum sem gerir fornleifarannsóknir flóknari. Ef horft er á bæjarnöfnin út frá aðferðafræði Árna Indriðasonar er ekki ólíklegt að Miðhús hafi byggst seinna en Merkigil, Ábær og Skatastaðir. Flest bæjarnöfnin hafa einhvers konar tilvísun í umhverfi eða hafa endinguna -staðir og -bær. Undantekningin er Miðhús og Hólakot. Kotsendinguna hefur Hólakot mögulega fengið eftir að það fór í eyði. Það er áhugavert að Miðklif og Sandgil skuli hafa verið komin í byggð á þessum tíma. Mögulega tengist það nýtingu skóga. Það er einnig áhugavert að fimmta lögbýlið, Nýibær, er ekki byggt á þessu tímabili.

[62] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason. *Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi*, bls. 517-518.
[63] Matthías Þórðarson. “Smávegis. Um nokkra staði og fornmenjar”, bls. 70.



***Mynd 12. Býli í Austurdal 1104-1300**. Rauðir punktar staðfest aldursgreining, bleikir punktar eru líkleg býli, hvítir punktar eru möguleg býli, svartir punktar eru býli komin endanlega í eyði.*

Á tímabilinu 1104-1300 má sjá að byggðin er að þéttast. Lögbýlið Nýibær er ekki enn byggt. Aftur á móti byggist upp býli við Fögrubrekku á þessu tímabili. Hjalti Pálsson telur hana vera forvera Nýjabæjar. Einhvern tíma, líklega á 14. öld, hafi bæjarstæðið verið flutt og þá fengið nafnið Nýibær.[64] Einungis eitt býli fer í endanlega í eyði á þessum tíma, Einilækir.

[64] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason. *Byggðasaga Skagafjarðar IV. bindi*, bls. 530.



***Mynd 13. Býli í Austurdal á 14. öld**. Rauðir punktar staðfest aldursgreining, bleikir punktar eru líkleg býli, hvítir punktar eru möguleg býli, svartir punktar eru býli komin endanlega í eyði. Undirlag (kort) frá LMÍ.*

Á þessu tímabili hafa Kolgrímastaðir og Miðklif bæst í hóp býla sem eru endanlega farin í eyði. Fagrabrekka fer í eyði eftir 1300 og Nýibær byggist upp. Ef kenning Hjalta Pálssonar er rétt þá er einungis annar bærinn í byggð í einu.
Í Auðunarmáldaga frá 1318 segir um Ábæjarkirkju að hún taki lýsis- og heytoll af sex bæjum.[65] Það er jafnan gengið út frá því að hér sé átt við sex lögbýli. Þegar Jarðabókin var rituð þá voru Merkigil, Miðhús, Ábær, Skatastaðir, og Nýibær talin til lögbýla. Jörðin Skuggabjörg virðist vera byggð úr landi Skatastaða og vera fjórðungur hennar. Jarðadýrleiki talinn vera 5 hundruð. Líklega myndi hún þá flokkast undir afbýli en spurning hvort hún hafi verið sjálfstæð. Hún virðist alla vegana vera séreign. Jörðin hefur líklega verið í byggð á 17. öld en fer í eyði

[65] *Diplomatarium Islandicum 2. bindi*, bls. 463.

1709. Það er svipað á komið með Tinnársel. Býlið fer í eyði í Bólunni (1707-1709) en ábúandinn á Ábæ leigir þar land. Jarðardýrleiki 12 hundruð. „Er svo mælt að þetta sje helmíngur af jörðunni Ábæ, og hafi til forna ein jörð verið og þetta Tinnársel bygt í selstöðunni.“[66] Miðað við aldur Tinnársels og umfang minjastaðar gæti þó allt eins verið að Tinná hafi verið sjálfstætt býli en verið nýtt sem sel á 16. öld og þá fengið nýtt heiti. Svo er rétt að benda á að Sandgil er með elstu býlum í dalnum.



***Mynd 14. Tilgáta um dreifingu byggðar í Austurdal um 1500**. Bleikir punktar eru líkleg býli, hvítir punktar eru möguleg býli, svartir punktar eru býli komin endanlega í eyði og svartir tíglar eru býli sem fara tímabundið í eyði á 15. öld. Undirlag (kort) frá LMÍ.*

Það er of langt á milli gjóskulagsins H1300 og H1766 til þess að fornleifarannsóknirnar geti sagt til um það hvort býlin hafi verið komin í eyði um 1500. Þó geta fornleifafræðingar oft á tíðum gefið til kynna hvort þeir telji síðustu

[66] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi*, bls. 163, 165.

mannvistarlög á viðkomandi stað vera nær H1300 eða H1766. Við höfum einnig nokkrar vísbendingar í rituðum heimildum.

Eins og Þormóður Sveinsson hefur bent á finnast heimildir þess efnis að Ábæjarkirkja hafi legið niðri um tíma á 15. öld.[67] Samkvæmt máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar, frá 1461 eða nokkru síðar, lagðist til Goðdalakirkju tiltekin fjárhæð úr „Ábæjarþingum“ meðan ekki var búið að gera upp kirkjuna.[68] Árið 1469 fór fram sala á Ábæ og Merkigili. Í kaupbréfinu kemur fram að alkirkja skyldi standa á Ábæ en kirkjan væri niður fallin. Kaupandinn lofaði að gera upp kirkjuna, en seljandinn lofaði tiltekinni fjárhæð til hennar. Í þessu sama bréfi kemur fram að kirkjan eigi jörðina Miðhús.[69] Um 1490 á enn eftir að gera upp kirkjuna og Ábær og Nýibær liggja þá undir Goðdalakirkju. .[70] Þormóður telur líklegt að Skatastaðir séu þá komnir í eyði því þeirra sé ekki getið í þessu skjali. Þá dregur Þormóður þá ályktun að líklega hafi prestur ekki setið að Ábæ frá 15. öld.[71] Því til sönnunar bendir hann á skrá frá 1429 yfir þær kirkjur í Hólabiskupsdæmi sem væru prestsskyldar en þar er Ábæjarkirkju ekki að finna.[72] Þetta eru skýr merki um byggð í vanda.

Í Jarðabókinni eru yfirleitt tilgreind þau býli sem hafa farið í eyði á 17. öld. Af býlum í Austurdal eru það einungis hjáleigurnar eða afbýlin Tinnársel og Skuggabjörg sem hafa farið í eyði um aldamótin 1700. Reyndar er einnig nefnt að búið hafi árlangt árið 1796 á fjárhússtæði frá Merkigili á stað sem nefndur er Fitjar. Öll önnur tilgreind býli eru sögð vera gömul eyðiból. Lögbýlin í Austurdal höfðu ekki hátt jarðarmat í Jarðabókinni 1709 þó sumar þeirra væru ágætar meðaljarðir. Merkigil var 30 Hdr., Miðhús 15 Hdr., Ábær 24 Hdr. (með Tinnárseli), Nýibær 15 Hdr. og Skatastaðir 20 Hdr. (með Skuggabjörgum). Samt sem áður virðast hafa verið 1-3 smábýli á jörðunum samtímis, frá 1104 til 1400.

---

[67] Þormóður Sveinsson. “Bæjartalið í Auðunarmáldögum”, bls. 36.
[68] *Diplomatarium Islandicum 5. bindi*, 326.
[69] *Diplomatarium Islandicum 11. bindi*, 23.
[70] *Diplomatarium Islandicum 4. bindi*, 342.
[71] Þormóður Sveinsson. “Bæjartalið í Auðunarmáldögum”, bls. 36.
[72] *Diplomatarium Islandicum 4. bindi*, 381.

Samantekt

Niðurstöðurnar fyrir Austurdal eru nokkuð sláandi. Í kringum 1400 hafa líklega verið 10-15 býli í byggð í Austurdal. Um 1500 hafa þau líklega verið, í mesta lagi, fjögur til fimm. Allar hjáleigur eða smábýli fóru í eyði og einungis tvö þeirra byggðust upp aftur, líklega á 16. eða 17. öld. Þetta er um 50%-60% fækkun býla. Austurdalur er þó mögulega ekki dæmigerður fyrir Skagafjörð þar sem hann við jaðar miðhálendis. Það er því áhugavert að skoða dýpra hvernig staðan er við ströndina þar sem líkur eru á fjölbreyttari lífsafkomu. Við beinum því augum okkar að norðurhluta rannsóknarsvæðisins, Sléttuhlíð og Fljótum. Það er innan þess svæðis sem Árni Indriðason rannsakaði og Byggðasafn Skagfirðinga aldursgreindi þar nokkuð af minjastöðum í tengslum við Byggðasögu Skagafjarðar. Með því að bera þessi svæði saman mætti leitast við að svara þeirri spurningu hvort eyðingu byggðar í Austurdal megi rekja til hreyfingar fólks frá innstu dölum og að sjávarströnd fremur en miklu mannfalli vegna plágunnar og annarra áfalla á 15. öld.

4.2. Fljót og Sléttuhlíð í Skagafirði



***Mynd 15. Norðausturhluti Skagafjarðar. Tilgáta um dreifingu byggðar á 12. öld**. Rauðir punktar eru staðfest býli, bleikir punktar eru líkleg býli og hvít býli er möguleg býli. Svartir punktar eru býli komin í eyði. Undirlag kort frá LMÍ.*

Samkvæmt skýrslum Byggðasafns Skagfirðinga er í Fljótunum „óvenju mikið af heillegum búsetuminjum, sem að hluta orsakast af því hversu snemma margar jarðir hafa farið í eyði og stórvirkar vinnuvélar hafa því ekki verið notaðar til að slétta úr túnum, nema að litlum hluta.“[73] Ef við skoðum dreifingu býla á 12. öld (sjá mynd 15) má sjá fjölda býla sem ekki er að finna í miðaldaheimildum. Auðvitað er ekki hægt að fullyrða að öll býlin hafi verið í byggð á nákvæmlega sama tíma en þetta gefur okkur grófa mynd að stöðunni. Hér er stuðst við aldursgreiningar Byggðasafnsins ásamt greiningu Árna á elstu heimild.

[73] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasöguleg fornleifarannsókn*, bls. 15.

Mynd 16. Norðausturhluti Skagafjarðar. Tilgáta um dreifingu byggðar um 1400*. Bláir punktar eru örugg og nokkuð örugg býli samkvæmt greiningu Árna Indriðasonar. Rauðir punktar eru staðfest býli, bleikir punktar eru líkleg býli og hvít býli er möguleg býli. Svartir punktar eru býli komin í eyði. Undirlag kort frá LMÍ.*

Ef við skoðum á sama hátt tilgátu um dreifingu byggðar um 1400 má greina örlitlar breytingar á dreifingu býla. Býli virðast líka hafa lagst í eyði og ný byggst upp. Af svæðinu frá Höfða á Höfðaströnd að Hraunum eru þó 29 staðfest eða líkleg býli sem ekki eru í skrá Árna Indriðasonar yfir 14. aldar býli. Þetta er um 25% fjölgun. Þess fyrir utan eru 35 möguleg býli (hvítir punktar) en það vantar betri heimildir eða fornleifarannsóknir til að staðfesta aldursgreininguna.



***Mynd 17. Norðausturhluti Skagafjarðar. Tilgáta um dreifingu byggðar um miðja 15. öld**. Rauðir punktar eru örugg og nokkuð örugg býli samkvæmt greiningu Árna Indriðasonar. Aðrir punktar eru greiningar Byggðasafns Skagfirðinga. Undirlag kort frá LMÍ.*

Um miðja 15. öld áætlar Árni að býlin séu komin niður í 70 sem er um 12,7% fækkun eða töluvert minni fækkun en á öðrum stöðum í austanverðum Skagafirði. Ef viðbótarbýlin eru tekin með í myndina þá er fækkunin um 30-35%.[74] Þá má sjá greinilegan mun á svæðum þar sem Hrollleifsdalur og Sléttuhlíðin (vesturhluti svæðis) koma verr út en Flókadalur og Austur-Fljót.

Með rannsóknum Byggðasafnsins jókst þekking á sögu einstakra bæja og þar með byggðahluta mikið. Hér er þó alls ekki um kerfisbundnar rannsóknir að ræða, þ.e. rannsóknarstaðir voru valdir í samráði við Byggðasöguritara og féll að þeirra þörfum. Það er því ekki hægt að gefa jafn nákvæma mynd að byggðaþróun á öllu svæðinu og í Austurdal. Það er mjög líklegt að fleiri býli eigi eftir að finnast

[74] Það er þó rétt að ítreka hversu erfitt það er að segja nákvæmlega hvenær býli fer í eyði á milli 1300 og 1766 en hér er t.d. horft til Jarðabókarinnar.

á svæðinu með frekari rannsóknum. Til að vega upp á móti þessu eru hér valdar nokkrar jarðar af svæðinu þar sem við höfum hvað heillegustu myndina af þróun byggðar. Reynt er að velja fjölbreyttar jarðir hvað dýrleika og staðsetningu varðar en auðvitað stjórna rannsóknir Byggðasafnsins og Byggðasögu nokkuð valinu.

4.2.1. Arnarstaðir í Sléttuhlíð



***Mynd 18. Jörðin Arnarstaðir í Fellshreppi**. Undirlag (kort) frá LMÍ, landamerki frá Nytjalandi.*

Arnarstaðir standa við mynni Hrollleifsdals. Samkvæmt Byggðasögunni voru Arnarstaðir taldir með bestu bújörðum Fellshrepps. [75] Í Jarðabók er hún metin á 40 hundruð að dýrleika. Það kemur einnig fram að á Arnarstöðum hafi staðið bænhús „og sjást þess nokkur líkindi“. Tvö býli eru nefnd við Arnarstaði í Jarðabókinni. Annars vegar Skógargerði og hins vegar Minni-Arnarstaðir.

[75] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar VIII. bindi*, bls. 124.

Skógargerði er sögð vera „eyðihjáleiga“, byggð í úthögum fyrir manna minni og hafa farið í eyði um 1680-1690. Minni-Arnarstaðir er tilgreint sem örnefni, þar sjáist til túngarðsleifa og telja menn að þar hafi „að fornu“ byggð verið.[76]

Mynd 19. Minni-Arnarstaðir *(hvítur hringur utan um minjastaðinn). Loftmynd frá 1985, LMI. Tekið að Minjavefsjá, 2025.*

Fyrsta ritaða heimildin sem við höfum um Arnarstaði er frá 1449 en þá var jörðin komin í eigu Hólastóls.[77] Það bendir þó allt til þess að Arnarstaðir sé meginbýli jarðarinnar og hafi snemma verið talið til lögbýla. Þegar Ólafur Rögvaldsson biskup vísiteraði í Skagafirði 1461 er tekið fram að bænhús á Arnarstöðum sé fallið.[78] Bæjarstæði og þar með bænhúsið eru horfin undir seinni tíma byggingar og því verður erfitt héðan af að fá frekari aldursgreiningu á bænum. Svipaða sögu er að segja um Minni-Arnarstaði. Í upphafi 21. aldar var

[76] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi*, bls. 272-273.
[77] *Diplomatarium Islandicum 5. bindi,* 39.
[78] *Diplomatarium Islandicum 5. bindi,* 355.

bæjarstæðið brotið til ræktunar og sjást því lítil eða engin merki um býlið í dag.[79] Greina má býlið á loftmynd frá 1985. Túnið virðist ágætlega stórt eða að lágmarki 2-3 ha.

Byggðasöguritarar túlka frásagnir Jarðabókar svo að Minni-Arnarstaðir hafi verið hjáleiga en Jarðabókin segir svo sem ekki ekkert um það. Árni Indriðason kemur með þá tilgátu að Minni-Arnarstaðir hafi verið lögbýli sem hafi farið í eyði eftir 1318 og aldrei byggst upp aftur. Hér sé þá komið eitt af horfnu lögbýlunum sem eru inn í tölu lögbýla í máldögunum.

Skógargerði var aftur á móti sögð vera „eyðihjáleiga“ eins og áður kemur fram. Fornleifarannsókn var gerð á minjastaðnum 2015. Um tvö byggingarstig virðist vera að ræða. Eldra byggingarstig hefst fyrir 1104 og er fram yfir 1300. Yngra byggingarstig eru líklega minjar hjáleigunnar sem nefnd er í Jarðabókinni og fer í eyði á 17. öld.[80]

Sunnan við Minni-Arnarstaði eru tóftir beitarhúsa en við nánari athugun reyndust vera eldri minjar undir beitarhúsunum.[81] Fornleifarannsókn (kjarnaborun) á staðnum leiddi í ljós „að þarna hefur verið mannabústaður eftir 1104 og bæði fyrir og eftir 1300. Byggð hefur verið aflögð fyrir 1766.“[82] Það verður að teljast líklegt að býlið hafi verið komið í eyði löngu fyrir 1709 því Jarðabókin nefnir þennan stað ekki einu orði.

Samantekt

Stór jörð sem líklega hafi snemma verið skipt upp í tvö býli, Arnarstaði og Minni-Arnarstaði. Skógargerði sé hjáleiga/smábýli út frá Arnarstöðum sem byggst hafi upp fyrir 1104 og farið í eyði eftir 1300. Hafi svo byggst upp aftur á 17. öld en farið í eyði í lok hennar. Minni-Arnarstaðir hafi farið í eyði eftir 1318 ásamt hjáleigunni ónefndu sem byggðist upp eftir 1104. Hér gætu því þrjú býli hafa farið

---

[79] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar VIII. bindi*, bls. 127, 130.
[80] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar IX – byggðasögurannsókn*, bls. 21-22.
[81] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar VIII. bindi*, bls. 129.
[82] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar X – byggðasögurannsókn*, bls. 26.

í eyði í svartadauða eða um svipað leyti og tvö þeirra aldrei byggst upp aftur. Arnarstaðir og Minni-Arnarstaðir eru svo sameinuð í eitt býli.

4.2.2. Bakki – Haganeshreppi

Land Bakka nær frá fjöru og upp á Bakkafjall. Landamerki hafa nokkuð breyst í gegnum tíðina því hluti Bakkalands var færður undir Reykjarhól. Sæmileg aðstaða var á Bakka til að róa til fiskjar eins og minjar um sjóbúðir á jörðinni gefa til kynna.[83] Samkvæmt Jarðabók var dýrleiki jarðarinnar 20 hundruð. Engar hjáleigur eða eyðiból eru nefndar í Jarðabókinni að undanskildu að nefnd eru munnmæli þess efnis að „... þessi jörð hafi færð verið af girðingum þeim, sem nú kallast Minnebacke, fyrir nokkrum hundrað árum.“[84] Þetta hljómar frekar furðulega enda kemur í ljós þegar rekaskrá Hólastóls frá 1374 er skoðuð að þá hafi þekkst „Meiri-Bakki“ og „Minni-Bakki“.

[83] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar VIII. bindi*, bls. 275, 279-280.
[84] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi*, bls. 285.

Mynd 20. Jörðin Bakki og nágrannajarðir*. Undirlag (kort) frá LMÍ og landamerki frá Nytjalandi. Rétt að taka fram að landamerki eru ekki þau sömu og voru á miðöldum.*

Í rekaskránni segir: „Í langalandsreka inn frá lambhaga vík og til marka við meiri landreka inn frá lambhaga vík og til marka við meiri bakka, fjórðung í hvalreka og viðreka á haganes kirkja. Með minna bakka allar flutningar. Meður meira bakka öll rekagögn.“ [85]

Bakki kemur svo aftur til sögunnar í skjali frá 1416 þegar Þórður Örnólfsson afhendir Finni Gamlasyni í umboði Valgerðar Vilhjálmsdóttur jörðina Barð og þar með jarðirnar Reyki, Grilli, Steinavöllu, Illugastaði, Nes, Ystamó, Móskóga og Laugaland. Í skjalinu kemur fram að þar með fylgi „... allan hálfann rekann fyrir litla backa hvals og viðar og flutninga merkigarðanna á milli laugalands og stærra bakka liggia þessar allar jarðir í barðs kirkju sókn ...“[86]

[85] *Diplomatarium Islandicum 3. bindi,* bls. 278.
[86] *Diplomatarium Islandicum 4. bindi,* bls. 249-250.

Hjalti Pálsson túlkar þessa heimild svo að merkigarðar hafi verið á milli Laugalands og Stærri-Bakka en slíkur garður hafi ekki fundist. Hins vegar sé greinilegur garður upp með Stórulækjarvík sem væri frekar merki milli Stóra-Bakka og Minni-Bakka. Gæti því bæjarstæði Minna-Bakka hafa verið Stærri-Bakki á þessum tíma?[87] Mögulega hefur verið garður á milli Bakka og Laugalands en við landamerkin eru skurðir og tún í dag og því erfitt að skera úr um þetta. En merkigarður á milli Minni-Bakka og Stærri-Bakka gæti bent til þess að hér hafi verið tvö sjálfstæð býli.

Bakki kemur aftur til sögunnar í kúgildaskrá Hólastaðar frá 1449. Þar segir: „Item bakka oc helgastadom vi kugyllde l. iiij veter fiska oc x aura.“[88] Samkvæmt Byggðasöguritara er þetta eina óyggjandi heimildin um fornbýlið Helgastaði. Hjalti Pálsson túlkar það svo að hér sé um eyðijörð að ræða „sem lagst hefur undir Bakka, fremur en hjáleigu í ábúð.“[89]

Það sem er áhugaverðast eru niðurstöður fornleifarannsókna á jörðinni. Rannsökuð hafa verið þrjú býli á henni, sem eru þá líklega býlin Bakki (Meiri-Bakki eða Stærri-Bakki), Minni-Bakki og Helgastaðir. Austasta býlið (Minni-Bakki?) var komið í ábúð fyrir 1104, jafnvel mögulega fyrir 1000.[90] Spurning hvort býlið hefði verið komið í eyði fyrir 1300 en það myndi ekki passa við rituðu heimildirnar sem benda til að það gæti hafa farið í eyði á 15. öld.

Aldursgreiningin við Helgastaði (eða Helgustaði) gaf til kynna að býlið hefði byggst upp fyrir 1104 en ekki er jafn augljóst hvenær ábúð lauk.[91] Ef kenning Hjalta Pálssonar er rétt þá hefur það gerst fyrir 1449.

Syðra Bakka býlið var einnig aldursgreint frá því fyrir 1104 sem þýðir að býlin voru mögulega öll í ábúð á sama tíma og því ólíklegt að um tilfærslu á bæjarstæði sé að ræða fremur en aðgreind býli þó það sé ekki útilokað.[92]

---

[87] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar VIII. bindi*, bls. 284.
[88] *Diplomatarium Islandicum 5. bindi,* bls. 39.
[89] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar VIII. bindi*, bls. 285.
[90] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar IX – byggðasögurannsókn*, bls. 24.
[91] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar IX – byggðasögurannsókn*, bls. 23.
[92] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar X – byggðasögurannsókn*, bls. 11.

Enn einn minjastaðurinn var rannsakaður á Bakka (nú innan merkja Reykjarhóls) upp af Helguvík. Kjarnar staðfestu að um mannabústað væri að ræða. „Þrískipta tóftin sem lá ofan á eldri minjum er líklega af litlu afbýli sem hefur verið í byggð einhvern tímann frá 1300- 1766. Hinsvegar var komið niður á gólf byggingar sem gæti hafa verið eldri frá 12.- 13. öld.“[93] Enginn þekkir þetta býli í dag en Hjalti Pálsson bendir á þann möguleika að hér sé komið býlið Uppheimar sem nefnt er í eyðibýlaskrá Olaviusar og talið fara í eyði 1715.[94] Uppheimar eru ekki nefndir í Jarðabókinni og gæti því hafa byggst eftir ritun hennar.

Samantekt

Á jörðinni Bakka hafa líklega verið þrjú býli sem byggjast öll upp fyrir 1104. Líklega fara tvö þeirra endanlega í eyði á 15. öld. Hjáleigan Uppheimar hafi verið í byggð á sama tíma og fallið í eyði á 13.-14. öld en byggst upp aftur á 18. öld. Jarðirnar sameinaðar undir Bakka á 15.-16. öld.

[93] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar IX – byggðasögurannsókn*, bls. 24.
[94] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar VIII. bindi*, bls. 273.

4.2.3. Slétta



***Mynd 21. Minni-Slétta og Slétta**. Bláir punktar ónefnd býli. Undirlag (kort) LMÍ.*

Slétta er nyrsti bær í Holtshreppi vestan Fljótaár. Slétta, sem fór í eyði árið 1971, þótti „... góð heyskaparjörð og gáfu flæðiengi með Fljótaá góða uppskeru. Galli þótti á jörðunni að Brunná átti til að stíflast og flæða yfir heimatúnið með tilheyrandi grjótburði og skemmdum á túninu.“[95] Í Jarðabókinni er jörðin metin á 30 Hdr. Þá segir einnig í Jarðabókinni að örnefnið Minni-Slétta sé í landinu en munnmæli segi þar hafi bærinn að fornu staðið og þar hafi verið kirkja eða bænhús. Sjáist þar enn [1709] byggingaleifar og minjar um kirkjugarð.[96]

[95] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi*, bls. 47.
[96] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi*, bls. 310-311.

Elsta heimild um Sléttu er sálugjafabréf Halldórs prests Loftssonar, ritað 8. desember 1403 á Möðruvöllum. Í bréfinu kemur fram að Halldór kjósi að fá að hvíla í kirkjugarðinum á Hólum í Hjaltadal og gefi því til kirkjunnar m.a. jarðirnar Sléttu í Fljótum og Brekku í Ólafsfirði.[97] Hér einungis nefnt eitt býli á Sléttu þannig að ef býlin hafi verið fleiri þá hafa þau annað hvort verið hjáleigur eða komin í eyði 1403.



Mynd 22. Minni-Slétta? Tvö fornbýli, líklega komin í eyði fyrir 1104*. Uppmælingar Byggðasafns Skagfirðinga, BZ og GZ, 2016. Undirlag (kort) frá LMÍ.*

Í vísitasíu Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1487 kemur fram að á Sléttu sé bænhús en niður fallið.[98] Með þetta í huga er ekki undarlegt að dregin hafi

[97] *Diplomatarium Islandicum 3. bindi,* bls. 684-685.
[98] *Diplomatarium Islandicum 5. bindi,* bls. 355.

verið sú ályktun þegar Jarðabók er rituð að bæjarstæði Sléttu hafi áður staðið þar sem Minni-Slétta stóð.

Byggðasafn Skagfirðinga gerði hér rannsókn 2016 og 2018. Í fyrsta lagi var bæjarstæði Minni-Sléttu rannsakað með kjarnaborun. Niðurstaðan var sú að þarna hafi staðið býli sem hefur líklega verið aflagt fyrir 1300 en kirkjugarðurinn virðist hafa verið aflagður fyrir 1104. Minjar nyrst á bæjarhólnum gætu verið nýrri en ekki vannst tími til að aldursgreina þær. Gerðir voru könnunarskurðir í kirkjugarðinn og lítur út fyrir að beinin hafi verið flutt úr honum eða varðveisla bágborin á staðnum. Rannsakendur töldu ljóst vera að þetta væri þó ekki sú kirkja sem nefnd er í ritheimildum án þess að skýra það eitthvað nánar. Líklega er hér verið að vísa í að beinin hafi verið flutt, þá líklega í nýjan kirkjugarð á sömu jörð eða efasemdir um að kirkja eða bænhús sem hafi verið komin úr notkun fyrir 1104 sé enn nefnd á 15. öld.

Um 170m norðvestur af bæjarstæði Minni-Sléttu fannst annað bæjarstæði sem engar heimildir eða örnefni gáfu vísbendingar um. Kjarnar staðfestu að þarna var mannabústaður sem var aflagður fyrir 1104.[99] Hér hefur því að öllum líkindum verið tvíbýlt fyrir 1100.

Engar minjar eru greinanlegar á bæjarstæði Sléttu vegna túnasléttunar.[100] Tekinn var einn kjarni við bæjarstæðið sem gaf til kynna ummerki um byggð fyrir 1300.[101] Sunnan við bæjarlækinn, um 130m suðaustan við uppistandandi íbúðarhús, fannst þó skálatóft. Kjarnar sem teknir voru inni í tóftinni staðfestu að um væri að ræða mannabústað [102] Skáli þessi fannst við svæði sem nefnt er Ólafskofagerði í örnefnaskrám. Þegar loftmyndir af svæðinu eru skoðaðar má sjá að gerðið er gríðarstórt. Án vafa er hér um túngarð að ræða og heitið Ólafskofagerði seinni tíma örnefni sem á líklega einungis við hluta svæðisins. Í

[99] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar X – byggðasögurannsókn*, bls. 16-21.
[100] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi*, bls. 50.
[101] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar X – byggðasögurannsókn*, bls. 10 í viðauka (tafla 10).
[102] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasögurannsókn*, bls. 5.

Jarðabókinni er það tekið fram að Fljóta[103] Byggðasöguritarar túlka það svo að Brunná hafi verið leidd að fjósinu en væri ekki nærtækari skýring að Brunnáin hafi runnið í gegnum bæjarstæðið, alla vegana á ritunartíma Jarðabókar?



***Mynd 23. Umhverfi Sléttu. Gerðið sunnan við Brunná, núverandi bæjarstæði norðan við Brunná**. Loftmynd frá 1977 (LMÍ).*

Samantekt

Tvíbýlt hefur verið á Sléttu fyrir 1104 og jafnvel fram að 1300 en okkur skortir frekari gögn til að skera úr um það. Ýmislegt bendir til þess að meginbýlið hafi verið fært á núverandi stað fyrir 1104. Við þann flutning hafi fyrra bæjarstæðið fengið nafnið Minni-Slétta en það á eftir að rannsaka betur hvort búið hafi verið þar eftir þann flutning. Engar heimildir eru um hjáleigur á Sléttu.

[103] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi*, bls.311.

4.2.4. Illugastaðir



***Mynd 24. Jörðin Illugastaðir í Fljótum**. Rauðir punktar merkja bæjarstæði. Bláir punktar rannsóknarstaðir. Undirlag (kort) LMÍ.*

Illugastaðir eru við Miklavatn milli jarðanna Brúnastaða og Lambaness. Jörðin fór í eyði 1962 en hluti túna er nytjaður frá Brúnastöðum.[104]

Elsta heimildin um Illugastaði er skjal frá 1416 þar sem Þórður Örnólfsson afhendir Finni Gamlasyni, í umboði Valgerðar Vilhjálmsdóttur konu hans, jörðina Barð í Fljótum „og þar með“ Reyki, Grilli (Grindil), Steinavelli, Illugastaði, Nes, Ysta-Mó, Móskóga og Laugaland „og þar með“ allan hálfan reka (hvals- og viðarreka) og flutninga á milli Laugalands og Stærri-Bakka en allar þessar jarðir liggi í Barðskirkjusókn. Hrafn Guðmundsson lögmaður úrskurðar reyndar árið

[104] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi*, bls. 375-376.

1417 að jörðin Barð skuli vera í eigu Magnúsar prests Böðvarssonar.[105] Í því úrskurðarbréfi er ekki minnst á Illugastaði en líkur benda til að eignarhald Illugastaða hafi tengst Barðskirkju. Tveimur dögum eftir að Hrafn leggur fram úrskurð sinn selur Magnús Brandi ríka Halldórssyni „kaupahlutann í Barði“ ásamt jörðunum Hóli og Ökrum.[106] Hér er ekki minnst á Illugastaði en eftir lát Brands skipta synir hans jarðeignum föður síns á milli sín eins og eignaskiptabréf frá 1465 vitnar um. Þar kemur fram Snjólfur Brandsson hafi í sitt hlutskipti fengið Ósland, Syðri-Brekku og Hól „ok þar til xx hundruð í Illugastauðum í Holtsþingum“.[107] Snjólfur var lögréttumaður og sat á Óslandi en það er talið að hann hafi dáið í plágunni 1494-1495.[108] Erfingi hans virðist hafa verið barnabarn hans Þórólfur Ögmundsson. Pétur prestur Pálsson, í umboði Þórólfs, selur Gottskálki Nikulássyni Hólabiskupi hálfa jörðina Ósland í Óslandshlíð, hálf kotin Hól og Brekku og hálfa Illugastaði í Fljótum fyrir jörðina Brúarreyki í Stafholtstungum „ ... til þess ómaginn væri úr ómegð skyldi þá haldast kaupið ef hann samþykkti átti Þórólfur að eignast með jörðunni vj kúgildi og tuiærda landskyld.“[109]

Plágan síðari virðist hafa leikið fleiri afkomendur Brands ríka grátt. Halldór sonur hans hafði fengið Barð í sinn hlut þegar jarðaskiptin áttu sér stað. Halldór gaf svo Hrafni syni sínum hálfa jörðina árið 1479. Árið 1494 gaf Hrafn mági sínum Finnboga Jónssyni á Grund í Svarfaðardal, hálft Barð í skiptum fyrir próventu. Ekki er vitað hvort Hrafn fór nokkurn tíma yfir í Svarfaðardalinn því það er talið að ári seinna hafi hann látist í plágunni síðari líkt og Snjólfur Brandsson föðurbróðir hans.[110] Þetta átti þó eftir að draga dilk á eftir sér. Til er vitinisburður Játgeirs Þorsteinssonar frá 1566 þar sem hann lýsir því þegar Jón sonur Finnboga, fer út í Fljót þar sem hann lögfestir og lýsir yfir eign sinni á hálfri jörðunni Barð „svo segist hann ekki betur vita en hálfir Illugastaðir í Austurfljótum væri og sín eign“.[111]

---

[105] *Diplomatarium Islandicum 4. bindi,* bls. 249-250, 257-258.
[106] *Diplomatarium Islandicum 11. bindi,* bls. 8-9.
[107] *Diplomatarium Islandicum 5. bindi,* bls. 422-423.
[108] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi*, bls. 376.
[109] *Diplomatarium Islandicum 8. bindi,* bls. 209-210.
[110] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi*, bls. 450.
[111] *Diplomatarium Islandicum 14. bindi,* bls. 524-525.

Til er testamentisbréf Gottskálks biskups Nikulássonar frá 1520, um þær jarðir og kot sem „hafa undir oss borið“ þann tíma sem hann var biskup á Hólum, hvað þeir partar eða jarðir heita, hversu dýrar þær eru og hvernig þær komust í eigu biskupsstólsins, sem og hvað biskup gerði við jarðirnar. Illugastaðir eru þar nefndir „keyptir hálfir og hálfir fyrir leyfi“.[112] Biskupsstóllinn taldi sig því eiga Illugastaði og lét hann ekki auðveldlega af hendi. Árið 1590 er enn verið að þrefa um eignarhaldið.[113]

Samkvæmt Jarðabókinni voru Illugastaðir metnir á 30 Hdr.. Engar hjáleigur eru nefndar en tilgreint tómthúsið Björnshús. Af lýsingu Jarðabókar að dæma þá var einungis búið þar í nokkur ár í kringum 1670. [114] Byggðasafn Skagfirðinga gerði rannsókn á staðnum árið 2017. Kjarnar voru teknir í tóft en engin gjóska fannst og því ekki hægt að aldursgreina minjastaðinn. Aftur á móti var komið niður á öskuhaug „sem staðfestir að um lítinn bæ sé að ræða.“ Rannsakendur töldu einnig að á svæðinu væru „bæði eldri og yngri tóftir og er bærinn auðljóslega byggður á eldri byggingaleifum“. Kjarnar sem teknir voru í fornlegt garðlag á minjasvæðinu styðja þá kenningu því hann reyndist vera hlaðinn fyrir og eftir 1104.[115]

Örnefnaskrá nefnir einnig Ásendakot. Tóftir þessar voru vel greinanlegar um 1900 og lýst svo að þar hafi einnig verið túngarður utan um túnskika.[116] Þegar staðurinn var rannsakaður 2018 mátti greina á honum bæjartóftir og öskuhaug frá 18.-19. öld en „einnig fornlegri tóftir sem benda til eldri byggðar eða landnytja af einhverju tagi.“ Kjarnar gáfu takmarkaðar upplýsingar vegna mikillrar jarðvegseyðingar á svæðinu. Þó mátti greina eldri minjar sem voru frá því eftir 1104 og mögulega eitthvað fram yfir 1300 en ekki tókst að staðfesta að um

[112] *Diplomatarium Islandicum 8. bindi,* bls. 726-729.
[113] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi*, bls. 376.
[114] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi*, bls. 335-336.
[115] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XI – byggðasögurannsókn*, bls. 17.
[116] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi*, bls. 385.

mannabústað væri að ræða. Túngarðurinn virðist að öllu eða mestu leyti vera horfinn.[117]

Mynd 25. Illugastaðir í Fljótum. Merktar fornleifar eru Björnshús*. Tekið af Minjavefsjá Minjastofnunar. Undirlag frá Loftmyndum ehf.*

Samantekt

Á Illugastöðum var ekki gerð tilraun til að aldursgreina bæjarstæðið en garðlag og fleiri minjar eru mjög greinilegar í kringum svæðið svo það er mjög líklegt að það hafi staðið á sama stað. Hið forna garðlag við Björnstóftir gæti verið hluti af túngarði eða vallargarði meginbýlisins þegar horft er á loftmynd af svæðinu og því erfitt að draga einhverjar ályktanir út frá því. Hinar eldri minjar gætu þá allt eins verið hluti af minjum meginbýlis. Ásendakot er mögulega smábýli byggt eftir 1104 og fer í eyði eftir 1300. Byggist svo aftur upp á 18.-19. öld.

---

[117] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasögurannsókn,* bls. 14-15.

4.2.5. Lambanes

Samkvæmt Byggðasögu Skagafjarðar var jörðin Lambanes kostajörð til forna enda fylgdu henni ýmis hlunnindi, svo sem skógur, torfrista, silungsveiði, berjalestur og grasatekja.[118] Í Jarðabókinni er jörðin metin á 40 hundruð. Þar segir einnig að bænhús hafi staðið á jörðinni sem var nýtt sem skemma. Eigandi jarðarinnar árið 1709 er Hólabiskupsstóll.[119] Hólakirkja hefur eignast jörðina á 13. eða 14. öld. Ormur Hólabiskup seldi Böðvari presti Þrosteinssyni jarðirnar hálft Barð, Saurbæ og hálfa Dæli fyrir jarðirnar Lambanes og Hvanneyri. Jón Eiríksson Hólabiskup kaupir svo jörðina Lambanes aftur af Gísla Gíslasyni bónda árið 1377.[120]



***Mynd 26. Jörðin Lambanes í Fljótum**. Undirlag (kort) LMÍ. Landamerki: Nytjaland.*

[118] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi*, bls. 390.
[119] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi*, bls. 336.
[120] *Diplomatarium Islandicum 3. bindi,* bls. 65-66, 315-316.

Í Jarðabókinni er nefnd „eyðihjáleigan“ Lambaneskot sem var byggð í heimatúninu fyrir manna minni en fór í eyði um 1690.[121] Staðsetning þessarar hjáleigu er ekki lengur kunn og að öllum líkindum er búið að slétta allar minjar undir tún.[122] Teknir voru kjarnar í tún, í kringum staðsetningu eldra bæjarstæðis Lambaness sem leiddu í ljós ummerki um byggð fyrir og eftir 1104.[123]

Í Jarðabókinni eru einnig nefnd eyðibólin Brennistaðir og Sólheimar. Um Brennistaði segir að þar standi nú fjárhús en girðingar í kringum þau bendi til fyrri byggðar.[124] Enn má greina minjar Brennistaða. Í rannsókn sem Byggðasafn Skagfirðinga gerði 2018 kom í ljós að túngarðar voru reistir eftir 1104. Kjarnar við meintan bæjarhól gáfu litlar upplýsingar, líklega vegna mikils jarðvegsrofs á svæðinu. Á svæðinu fundust þó koladreifar undir 1104 í kjarna sem er mögulega vísbending um byggð fyrir 1104 „en hafa ber þann vara á að víða má finna kol í jarðvegi í Fljótunum tengd kolagerð“. Ekki var hægt að greina hvenær býlið fór í eyði.[125]

Um Sólheima (síðar Blómsturvelli) segir í Jarðabók að það sé fornt eyðiból sem hafi lagst í eyði fyrir manna minni en hafi svo verið nýtt sem sel frá heimajörðinni.[126] Byggðasafn Skagfirðinga gerði rannsókn á staðnum árið 2018. Kjarnar gáfu til kynna „nokkuð veglegt býli“ sem var byggt eftir 1104 og var í byggð fram yfir 1300. „Þarna hefur svo verið haft í seli á síðari tímum en selstaðan virðist aflögð á 18. öld.“[127]

---

[121] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi*, bls. 337-338.
[122] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar IX. bindi*, bls. 398.
[123] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasögurannsókn*, bls. 8.
[124] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi*, bls. 337-338.
[125] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasögurannsókn*, bls. 9-10.
[126] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi*, bls. 337-338.
[127] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasögurannsókn*, bls. 12-13.

***Mynd 27. Sólheimar (Blómsturvellir)**. Uppmæling Byggðasafn Skagfirðinga, GZ og BZ, 2018. Undirlag (kort) LMÍ.*

Örnefnið Sólheimagerði er þekkt í örnefnaskrá Hannesar Hannessonar. Í skránni segir að suður undir Nautadalsá hafi átt að vera býli sem hét „Sólheimagerði“. Minjar fundust við ána en engan túngarð var að finna í kringum svæðið. Byggðasafn Skagfirðinga rannsakaði svæðið 2018 og töldu svæðið geyma minjar um býli og sel. Á staðnum er veglegur öskuhaugur sem var aldursgreindur eftir 1104. Borkjarnar í tóftum gáfu aftur á móti ekki skýra aldursgreiningu.

Örnefnið Réttarkot er einnig þekkt en það ásamt Blómsturvöllum (Sólheimum) á að hafa farið í eyði í svartadauða segir í örnefnaskrá sem Kristján

Eiríksson skrásetti eftir Gunnlaugi Kristjánssyni.[128] Umtalsverður ruglingur virðist vera á örnefnum og staðsetningu þeirra og ber örnefnaskrám ekki saman. Hér er reynt að fylgja niðurstöðum fornleifafræðinga sem rannsökuðu svæðið árið 2018. Minjar af býlinu Réttarholti fundust ekki á vettvangi en þeim möguleika er velt upp að Réttarholt og Sólheimagerði séu sama býlið.[129]

Samantekt

Heimildir um kirkju benda til þess að Lambanes sé byggt fyrir 1000. Mögulega hefur Lambaneskot verið byggt fyrir 1104 en ómögulegt að fullyrða nokkuð um það. Tvö, jafnvel þrjú, býli byggjast upp eftir 1104. Líklegt að tvö þeirra eða öll hafi farið í eyði á 14.-15. öld og ekki byggst upp aftur.

4.3. Niðurstöður rannsókna í Skagafirði

Það er nokkuð ljóst að ef við styðjumst eingöngu við ritaðar heimildir í rannsóknum á dreifingu byggðar og þróun hennar á miðöldum þá er hætta á að við fáum ekki alveg rétta mynd af byggðinni. Nauðsynlegt er að leita til fornleifarannsókna og annars konar rannsókna sem geta fyllt upp í skarð ritaðra heimilda frá miðöldum.

Þegar þróun byggðar í Austurdal og Fljótunum er borin saman má greina mun. Í Fljótunum og Sléttuhlíð er byggð orðin býsna þétt strax á 12. öld. Greina breytingu á tímabilinu 12.-14. öld sem virðist ekki síst mega rekja til einhvers konar endurskipulagninar jarða, þ.e. býli eru sameinuð undir einn hatt. Á sama tíma er byggð enn að þéttast í Austurdal. Um 1300 hefur a.m.k. verið ein hjáleiga við hvert lögbýli í Austurdal.

Líkur eru á því að plágan hafi haft umtalsverð og varanleg áhrif á byggð. Innst í dölum virðist þá eyðing byggðar hafa verið um 50% en við ströndina að lágmarki 30%.

---

[128] Árnastofnun. Lambanes í Holtshreppi í Skagafirði. Örnefnaskrá. Kristján Eiríksson skráði. Heimildamaður Gunnlaugur Kristjánsson.
[129] Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasögurannsókn*, bls.11.

Endurskipulagning og sameining býla við ströndina á 12.-14. öld kemur nokkuð á óvart. Alla jafna er talið að byggð við sjávarsíðuna hafi vaxið á þessu tímabili vegna aukinnar sjósóknar.[130] Í Fljótunum er þó fjöldi býla sem á eftir að aldursgreina sem gæti breytt þessari mynd. Þá er töluverð hætta á að landbrot hafi eyðilagt fjölda minjastaða við ströndina.[131]

Það er erfitt að henda reiður á fjölda býla sem ekki hafa flokkast undir lögbýli því hluti þeirra er okkur glataður vegna túnasléttunar, landbrots eða annarra orsaka. Það verður þó að teljast líklegt að slík býli hafi a.m.k. verið í svipuðu hlutfalli og í Austurdal. Á svæðinu frá Höfða á Höfðaströnd að Hrauni eru 27 lögbýli sem eru metin á 21 hundruð eða meira, á þeim býlum er búið að staðfesta 31 fornbýli.

[130] Sjá t.d. Árni Daníel Júlíusson. *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals*
[131] Sjá t.d. Bryndís Zoëga. *Strandminjar við austanverðan Skagafjörð*, 90.

5. Nýlegar byggðasögurannsóknir í Svarfaðardal

Fornleifastofnun Íslands gerði svokallaða aðalskráningu á fornleifum í Dalvíkurbyggð á árunum 1999 til 2003. Í þessari skráningarvinnu voru skráðir um 2000 minjastaðir.[132] Segja má að þessi fornleifaskráning, ásamt rannsókn Árna Daníels Júlíussonar á miðaldasögu Svarfaðardals,[133] hafi lagt grunninn að rannsóknarverkefninu Tvídælu (e: Two Valleys. Power, wealth and the plague in two valleys) sem unnið var að frá 2021-2024.

Rétt eins og í Skagafirði hefur þekking og yfirsýn yfir fjölda býla á svæðinu aukist til muna síðustu ár. Hér gefa máldagar okkur einnig upp fjölda þeirra býla sem áttu að greiða af tíund, ljóstoll og heytoll án þess að tilgreina hvaða býli þetta voru. Út frá Auðunnarmáldaga (frá 1318) og Péturmáldaga (1394) má ætla að fjöldi tollskyldra býla í Svarfaðardal á 14. öld hafi verið 68. Árni Daníel leiðir líkur að því hvaða jarðir þetta hafi verið, bæði út frá rituðum heimildum og fornleifafræðilegum vísbendingum, en tekur fram að óvissuþættirnir séu margir sem einungis verður hægt skera úr um með frekari fornleifarannsóknum.

Árna Daníel telst til að hægt sé að tilgreina 69 hjábýli sem hafi einhvern tímann verið í byggð frá miðöldum og fram á 19. öld. 32 þessara býla flokkar Árni Daníel sem forn hjábýli sem ekki voru í byggð á síðari öldum. Á 17. öld voru um 27 býli í byggð en eftir Stórubólu eru það einungis 10 þeirra. Þetta gæti verið sterk vísbending um hversu viðkvæm hjábýlin voru fyrir áföllum eins og plágunum á 15. öld. Líkt og í Skagafirði koma hin fornu hjábýli sjaldan fyrir í miðaldaritum.[134]

---

[132] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Merkar fornleifar í Dalvíkurbyggð: Samantekt vegna aðalskipulags*, bls 7.
[133] Árni Daníel Júlíusson. *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals*.
[134] Árni Daníel Júlíusson. *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals,* bls. 127-133, 139-144.



***Mynd 28. Dreifing byggðar í Svarfaðardal á miðöldum**. Tilgáta um tollgreiðandi býli 1318 (fjólubláir punktar) ásamt mögulegum fornum hjábýlum (rauðir punktar).*

Fornleifaskráningin bætti við upplýsingum um fjölda mögulegra býla en rétt eins og Skagafirði þá er nauðsynlegt að greina betur aldur þeirra og hlutverk til að

geta sagt til um hver þróun byggðar var og hvort plágufaraldrar hafi haft sömu áhrif á dreifingu byggðar og í Skagafirði.



Mynd 29. Staðsetning fornleifarannsókna Tvídæluverkefnisins í Svarfaðardal.

5.1. Fornleifarannsóknir í Svarfaðardal

Í tengslum við Tvídæluverkefnið fóru fram nokkrar fornleifarannsóknir.[135] Meginþungi þeirra var að aldursgreina garðinn Sveitalang og landamerkjagarða. Rannsóknir á bæjarstæðum voru mun viðaminni en í Skagafirði og því vantar okkur betri og heildrænni sýn á þróun byggðar í Svarfaðardal. Á tímabilinu 2009 til 2021 voru gerðar 24 fornleifarannsóknir (könnunarskurðir). Fjórar rannsóknir hafa verið gerðar á bæjarrústum, átta á túngörðum og tólf á landa-merkjagörðum.[136] Nokkrar vísbendingar höfum við þó sem vert er að skoða nánar.

5.1.1. Hólá/Hólárkot í Skíðadal

Hólá var metin á 10 hundruð í Jarðabókinni. Elín Ósk Hreiðarsdóttir telur líklegt að jörðin hafi „byggst fremur seint og byggð hafi jafnan verið þar stopul sökum lítilla landgæða.“ Jörðin fór í eyði 1703 og var þá nytjuð frá Krosshóli.“ Kot hefur á einhverju góðæristímabili byggst í landi Hólár. Þar sjást enn ummerki túngarðs, bæjar og óljósra útihústófta. Ekki eru ritaðar heimildir fyrir því hvenær bærinn var í byggð.“[137]

[135] Rétt að taka fram að þegar þessi ritgerð er skrifuð þá á ein skýrslan um fornleifarannsóknir Tvídæluverkefnis eftir að koma út.
[136] Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ed.). *Power, Wealth and Plague in Two Valleys,* bls. 85.
[137] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifakönnun í Eyjafirði XVII*, bls. 9.



***Mynd 30. Tilgáta um landamerki Hólár/Hólárkot í Skíðadal um 1400**. Kort (undirlag) LMÍ.*

Staðurinn er nefndur í örnefnalýsingu en þar segir að staðurinn nefnist Kot, Hólakot eða Hólsárkot. Munnmæli eru til um bóndann sem á að hafa fyrirfarið sér á þessum slóðum og býlið lagst í eyði sökum reimleika. Samkvæmt lýsingu fornleifafræðings þá er einungis ein tóft enn vel greinanleg á svæðinu en einnig má greina vallargarð umhverfis tún og óljósari tóftir nær ánni.[138]

[138] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifakönnun í Eyjafirði XVII*, bls. 52.

***Mynd 31. Kot (Hólsárkot). Staðsetning fornleifarannsókna á vegum Tvídælu**. Kortavefsjá Minjastofnunar, Loftmyndir ehf.*

Árið 2021 var gerður könnunarskurður í vallargarðinn. Garðurinn var byggður upp eftir 1104, jafnvel eftir 1300 og er að öllum líkindum kominn úr notkun fyrir 1477. Ramona Harrison tók einnig nokkra borkjarna á ætluðu bæjarstæði til að staðsetja öskuhaug á býlinu en ekkert fannst. Mögulega losuðu ábúendur sig við afkast í ána eða notuðu sem áburð. Kjarnaborar voru teknir inni í tveimur tóftum. Ekki er getið um hvort þar hafi komið fram gólflag.[139] Fornleifarannsóknirnar virðast því ekki hafa staðfest mannvist á staðnum en ef þarna hefur verið búið hefur það trúlega ekki verið mjög lengi, hann fer í eyði fyrir 1477 og byggist aldrei upp aftur.

[139] Elín Ósk Hreiðarsdóttir ed.. *Power, Wealth and Plague in Two Valleys*, 55-57, 76.

5.1.2. Hnjúkur í Skíðadal



Mynd 32. Tilgáta um landamerki Hnjúks í Skíðadal um 1400 ásamt staðsetningu býla*. Rannsóknarstaðir merktir með appelsínugulu. Kort (undirlag) LMÍ.*

Elsta heimild um jörðina Hnjúk er skjal frá 1398 þar sem Steinmóður Þorsteinsson officialis Hóladómkirkju úrskurðar í máli Erlendar Bergþórssonar sem hafði setið á jörðinni án leyfis en hún var þá í eigu klaustursins á Möðruvöllum.[140] Hnjúkur er nefndur í reikningi Möðruvallaklausturs 1447 og í Máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar frá 1461 kemur fram að bænhús standi þar uppi. Árið 1525 er jörðin Hnjúkur enn skráð sem eign Mörðuvallaklausturs og sama á við um skjal

[140] *Diplomatarium Islandicum III. bindi*, bls. 627-630.

frá 1570 sem tilgreinir kúgildi jarðarinnar.[141] Af rituðum heimildum má því marka að jörðin hafi verið í nokkuð stöðugri byggð á síðmiðöldum.

Í Jarðabókinni eru tilgreind „fornt eyðiból“ utarlega í landinu og sagt að þar séu greinileg „byggingamerki“ en ekki hafi verið búið þar frá „gamallri tíð“. Ekki megi byggja það upp aftur því túnstæðið sé mest allt „í holt upp blásið og grasleysu móa“.[142] Staðsetning þessa býlis er ekki þekkt en talið að það hafi staðið þar sem gamli Hlíðarbærinn stóð en þar er nú sléttaður hóll.[143]

Samkvæmt örnefnalýsingu þá stóð fornt eyðibýli skammt sunnan við Syðri-Sælu sem nefndist Villingastaðir eða Hávarðsstaðir og sést þar móta fyrir vallargarði (túngarði). Samkvæmt fornleifaskráningu frá 2001 þá er býlið að mestu horfið vegna túnasléttunar en sagt að enn megi greina hluta fyrrnefnds túngarðs. Könnunarskurður var tekinn í garðlagið árið 2021. Niðurstöðurnar voru óljósar vegna skorts á gjóskulögum til aldursgreiningar. Virðist vera um tvö byggingarstig að ræða. Fyrra stigið var líklega fyrir 1477 (óstaðfest). Seinna stigið var mögulega eftir 1477 en fyrir 1766.[144]

---

[141] *Diplomatarium Islandicum IV. bindi*, bls. 701, *IX. bindi*, bls. 319, *XV. bindi*, bls. 364, 366.
[142] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X. bindi*, bls. 83-84.
[143] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifakönnun í Eyjafirði XVII*, bls. 66.
[144] Elín Ósk Hreiðarsdóttir ed.. *Power, Wealth and Plague in Two Valleys*, 58-60.

5.1.3. Syðra-Hvarf / Hvarfskot í Skíðadal



***Mynd 33. Tilgáta um landamerki Syðra-Hvarfs í Skíðadal um 1400 ásamt staðsetningu býla**. Kort (undirlag) LMÍ.*

Samkvæmt Jarðabókinni var Syðra-Hvarf 30 hundruða jörð í eigu Vallakirkju. Ekkert er þar minnst á fornbýli eða eyðihjáleigur á jörðunni.[145] Aftur á móti er minnst á Hvarfskot í örnefnalýsingu en þar segir að þegar sé búið að slétta hluta býlisins. Samkvæmt fornleifaskráningu frá 2001 má enn greina hluta vallargarðsins. Innan garðlagsins eru tvær litlar einfaldar tóftir.[146]

[145] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X. bindi*, 85.
[146] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifakönnun í Eyjafirði XVII*, bls. 80.

Mynd 34. Hvarfskot. Staðsetning fornleifarannsókna á vegum Tvídælu *(græn merki). Kortavefsjá Minjastofnunar, Loftmyndir ehf.*

Árið 2021 var gerður könnunarskurður í umrætt garðlag. Niðurstöður þeirrar rannsóknar gefa til kynna að þarna gæti hafa staðið býli sem hefur verið byggt stuttu eftir 1104 og gæti því hafa verið í byggð á 12.-13. öld. Garðurinn hefur verið endurbyggður en skortur á gjóskulögum (H1300 og V1477) gerir það að verkum að ekki er hægt að segja til um hvenær það var gert.[147]

[147] Elín Ósk Hreiðarsdóttir ed.. *Power, Wealth and Plague in Two Valleys*, 61-64.

5.1.4. Þverárkot í landi Kóngsstaða í Skíðadal



***Mynd 35. Tilgáta um landamerki Þverárkots í Skíðadal um 1400**. Kort (undirlag) LMÍ.*

Þverárkot er um margt nokkur ráðgáta. Býlið stendur sunnan við Þverá en norðan við ána er býlið Þverá. Það eru engar heimildir um að Þverárkot sé tekið af landi Þverár, sem væri samkvæmt nafnavenju. Í Jarðabókin segir að Þverárkot hafi farið í eyði um 1690 en áður hafi verið byggt þar „svo lengi menn til muna og

þeirra feður, og haldið fyrir lögbýli“. Þetta var lítið býli, metið á 8 hundruð.[148] Árni Daníel Júlíusson hallast að því að jörðin hafi upphaflega heitið Þverá, mögulega Syðri-Þverá.[149]

Þverárkot virðist fara endanlega í eyði á 17. öld.[150] Jörðin var í eigu Vallakirkju, sem einnig átti Kóngsstaði og ábúandi þar beitti kotið með leyfi staðarhaldarans..[151] Þverárkot virðist svo sameinast Kóngsstöðum.[152]

Mynd 36. Þverárkot. *Staðsetning fornleifarannsókna á vegum Tvídælu (merkt grænu). Kortavefsjá Minjastofnunar, Loftmyndir ehf.*

[148] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X. bindi*, 77-78.
[149] Árni Daníel Júlíusson. *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals*, bls. 127.
[150] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifakönnun í Eyjafirði XVII*, bls. 9.
[151] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X. bindi*, 78.
[152] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifakönnun í Eyjafirði XVII*, bls. 15.

Árið 2021 var tekinn könnunarskurður í túngarð sem talið er að hafi tilheyrt Þverárkoti. Í ljós kom að upphaflega var garðurinn byggður eftir að landnámslagið féll en fyrir 1104. Einhvern tíma eftir 1104 (og líklega fyrir 1300) var garðurinn svo endurbyggður.

Þá var einnig tekinn könnunarskurður í garðlag sem talinn er vera landamerkjagarður, sunnan við Þverárkot. Rétt eins og flestir aðrir landamerkjagarðar sem rannsakaðir hafa verið í Svarfaðardal var hann byggður ofan á landnámslagið og fyrir 1104. Engin merki um endurbyggingu.[153]

Miðað við lýsingu Jarðabókar þá var langvarandi byggð á staðnum, allt til 1690. Báðir könnunarskurðirnar voru teknir í garðlög en rétt er að ítreka að aldursgreiningar í garðlög geta gefið aðrar niðurstöður en aldursgreiningar bæjartófta, því það er ekki alltaf beint samhengi á milli aldurs bæja og garðlaga. Sá möguleiki er fyrir hendi að staðurinn hafi verið nýttur eftir að búsetu lauk sem kallaði á viðhald garðlaga eða görðum hafi ekki verið viðhaldið þó búseta hafi verið á staðnum. Það má þó segja að hér sé vísbending um búsetu sem hefst fyrir 1104 og lýkur 1690, en ekki ótvírætt að búseta hafi verið stöðug.

[153] Elín Ósk Hreiðarsdóttir ed.. *Power, Wealth and Plague in Two Valleys*, 45-51.

5.1.5. Minjar við Tungufell



***Mynd 37. Jörðin Tungufell**. Rannsóknarstaðir merkt með appelsínugulu. Kort (undirlag) LMÍ, Nytjaland.*

Heillegustu minjar um miðaldabýli er að finna innan núverandi landamerkja Tungufells en ritaðar heimildir um býlin eru fremur rýrar og ekki allar samhljóma. Kristian Kålund nefnir tunguna sem liggur á milli Svarfaðardalsár og Skíðadalsár og segir að þar séu „allvíða hústóftir, og þvergarður liggur þvert yfir tunguna.“ Telur hann víst að þarna hafi staðið bæirnir Tunga og Tungugerði [154]

Í Svarfdæla sögu segir um Tungu: „En skip þat hafði gert verit uppi í Tungunni, ok var þar höggvinn viðrinn, því (at) þar var skógr mikill ok þykkr, en til kjalarins var höfð eik sú, er stóð niðri í Eikibrekku fyrir ofan Blakksgerði.“ Um Tungugerði segir: „Þat var því næst, at hestaþing var nefnt uppi fyrir Tungugerði; skyldi þeir etja hestum, Ljótólfr ok Þorkell Skíðason; mörgum var þar öðrum

[154] Kålund, P. E. Kristian: *Íslenzkir sögustaðir III*, bls. 72.

hestum til mælt …“[155] Af þessu má sjá að ekki er alveg ljóst hvort Tunga og Tungugerði séu í raun býli.

Séra Árni Halldórsson nefnir Þvergarðinn sem liggur þvert yfir tunguna í lýsingu sinni á Tjarnarsókn um miðja 19. öld. Hann segir einnig að fyrir utan Þvergarðinn hafi „í fyrndinni“ staðið tvö kot, Krókar og Tungukot „löngu fyrir allra núlifandi manna minni eyðilögð og með öllu nú óbyggileg.“ Þá segir hann að fyrir sunnan Þvergarðinn að vestanverðu hafi staðið tvö önnur kot, Kringla og Krákustaðir.[156] Í örnefnaskrá Tungufells sem Jóhannes Óli Sæmundsson tók saman á 7. áratugnum er þeim möguleika velt upp að Krákustaðir hafi síðar breyst í Kringlukot.[157] En það gengur varla upp því þegar Ólafur Olavius ferðast um landið á seinni hluta 18. aldar þekktust Tungukot, Kringla og Krákustaðir sem eyðibýli á þessu svæði.[158]

Samkvæmt Jarðabókinni var Tungufell 30 hundruða jörð. Hálfkirkja eða bænhús „er sagt hér hafi að fornu verið“ og er bent á tóftarrúst með girðingu í kring sem kölluð er Kirkjutóft. Í Jarðabókinni segir ennfremur að Krákustaðir og Tungukot kallist tvö „forn eyðiból hér í landinu út frá jörðunni, og er á þeim báðum sýnileg byggingamerki tófta og girðinga leifa.“[159]

Í seinni tíð er þó talað um tvö Tungukot, Ytra-Tungukot og Syðra-Tungukot. Búið er að slétta úr minjum Ytra-Tungukots en greina má minjarnar á eldri loftmyndum. Enn má þó sjá brot af túngarði býlisins. Árið 2020 var gerður könnunarskurður í garðlagið á vegum Fornleifastofnunar Íslands. Reyndist garðurinn hafa verið byggður eftir að landnámssyrpan féll (940) en hætt hefur verið að halda honum við nokkru fyrir 1300. Rétt að taka það fram að gjóskan H1104 greindist ekki í skurðinum. Áætlað hefur verið út frá gömlum loftmyndum og legu garðlags að túnið hafi verið um 1,5 ha að stærð.[160]

---

[155] *Svarfdæla saga*, 36,76.
[156] *Sýslu- og sóknarlýsingar*, 74-75.
[157] Árnastofnun. Örnefnaskrá Tungufells í Svarfaðardal. Samlesið E.S./S.J., bls. 4.
[158] Ólafur Olavius. *Ferðabók II*, bls. 38.
[159] *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X. bindi*, 74-45.
[160] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir. *Fornleifarannsóknir í Svarfaðardal 2020*, bls. 11-15.

Þetta sama ár var einnig gerð borkjarnarannsókn á minjum Syðra-Tungukots þar sem meginmarkmiðið var að fá fram aldursgreiningu á minjunum. Í þeirri rannsókn kom fram gólflag á miðjum bæjarhólnum sem staðfestir þar með búsetu á býlinu. Meginniðurstöður aldursgreiningar var að býlið hafi verið byggt eftir 1104 en komið í eyði nokkuð fyrir 1477. Tún býlisins er aftur á móti lítið eða um 0,7 ha að stærð.[161]

***Mynd 38. Syðra-Tungukot**. Uppmæling SUP, Minjastofnun Íslands, tekið af Minjavefsjá. Undirlag: Loftmyndir ehf.*

[161] Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir. *Fornleifarannsóknir í Svarfaðardal 2020*, bls. 36.

Vestan til í tungunni er hið meinta býli Kringla en það er innan áðurnefnds Þvergarðs. Það lætur töluvert minna yfir sér og spurning hvort hér sé um íverustað að ræða.

***Mynd 39. Kringla**. Uppmæling SUP, Minjastofnun Íslands, tekið af Minjavefsjá. Undirlag: Loftmyndir ehf.*

Árið 2010 var Þvergarðurinn rannsakaður af Fornleifastofnun Íslands. Könnunarskurður í gegnum garðlagið leiddi í ljós að hann hefur líklega verið byggður á seinni hluta 10. aldar eða á 11. öld. Honum hefur verið viðhaldið en því var löngu hætt á 15. öld (1477).[162]

Hér gæti það því komið vel til greina að Syðra-Tungukot sé arftaki Ytra-Tungukots, að þau hafi ekki verið í ábúð á sama tíma en það verður að teljast sérstakt ef minna býlið hefur haldið velli á meðan stærra býlið (Ytra-Tungukot) fór

[162] Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Forn garðlög í Dalvíkurbyggð*, 13-15.

í eyði. Það á eftir að koma í ljós hvort Kringla hafi verið býli eða hvort hér um að ræða einhvers konar gerði. Þvergarðurinn sem aðskilur þessi býli frá Tungufelli að vestan og Dæli að austan gefur þann möguleika að Tungukot, þá líklega Tunga, hafi eitt sinn verið sjálfstætt býli. Tungufell hefur þó fljótlega átt þetta land. Árið 1409 votta fjórir menn að Jón Sighvatsson hafi selt jörðina Hvol í Vesturhópi fyrir Tungufell í Svarfaðardal árið 1404. Þar kemur fram að kirkjan að Urðum ætti áttfeðmings torfskurð í Tungufellsjörð fyrir utan Þvergarð en kirkjan á Völlum lambseldi. Auk þess kom fram að á Tungufelli væri „bænhús„skylt“.[163] Í þessu skjali eru býlin utan við Þvergarð hvergi nefnd, mögulega voru þau farin í eyði 1404.

Krákustaðir eru innan við (sunnan við) Þvergarðinn, nær Tungufelli. Árið 2021 var gerð rannsókn á hinu meinta bæjarstæði. Könnunarskurður var tekinn í garðlag, mögulega landamerkjagarð. Niðurstaðan var sú að garðurinn hefði verið byggður ofan landnámslagið en fyrir 1104. Ekki var hægt að greina önnur byggingastig, þ.e. honum hefur líklega ekki verið viðhaldið. Könnunarskurður í tóft á bæjarstæðinu leiddi í ljós að mannvirkið hefði verið byggt fljótlega eftir 940 og hafi verið komin úr notkun fyrir 1104. Ekki var hægt að greina gólflag í tóftinni þannig að ekki var hægt að staðfesta að um íveruhús væri að ræða.[164] Þetta útilokar þó ekki að hér hafi verið býli.

[163] *Diplomatarium Islandicum* 3. bindi, bls. 721-722.
[164] Elín Ósk Hreiðarsdóttir ed.. *Power, Wealth and Plague in Two Valleys*, 39-42.

5.2. Eyðing byggðar í Svarfaðardal



***Mynd 40. Byggð í Svarfaðardal um 1430. Tollgreiðandi býli**. Býli í eyði merkt sem svartir punktar. Tilgáta Árna Daníels Júlíussonar.*

Þegar Jón Vilhjálmsson Craxton biskup á Hólum fór í vísitasíu um Urðasókn 1429 skyldu 16 bæir greiða þar hey- og ljósatoll en einungis voru þá fimm af þeim í byggð. Hann heimsótti aftur Svarfaðardalinn 1431. Þá voru sem fyrr 16 bæir í Urðasókn en nú voru sex af þeim í byggð. Sex bæir lágu undir Ufsakirkju, þrír af

þeim í byggð. Auk þess var kirkjan brunnin og ekki hafði verið gerður reiknings-skapur síðan í plágunni. Kirkjan virtist ekkert eiga fyrir utan tvær gamlar kýr. Árni Daníel leggur fram tilgátu um hvaða býli hafi verið í eyði árið 1430 út frá þessum upplýsingum og út frá því hvernig eyðing byggðar átti sér stað í Stórubólu. Af kortinu að dæma, sem ekki sýnir hjáleigur, þá hafa um 60% jarða verið í eyði um 1430. Árni Daníel gerir ráð fyrir því að verðminnstu jarðirnar hafi farið í eyði ásamt flestöllum ef ekki öllum hjábýlum en þá væri hlutfallið farið að nálgast 70% sem er gríðarlega mikið. Þær tvær sóknir sem Jón Vilhjálmsson biskup ritar um árið 1430 gætu báðar flokkast að hluta til sem jaðarsvæði. Ystu jarðir Upsasóknar hafa lítið láglendi og hafa því sínar takmarkanir sem landbúnaðarjarðir. Syðsti hluti Urðasóknar er innst í dal og flokkast einnig sem jaðarsvæði. Þar gæti hlutfall eyðijarða verið hátt samanber eyðingu byggðar í Austurdal í Skagafirði en töluvert lægra á kjarnasvæðinu (um miðbik Svarfaðardals). Við skulum gera ráð fyrir að fækkunin í Upsasókn hafi verið 50% og Urðasókn 60% líkt og máldagar segja. Auk þess skulum við skilgreina Skíðadal út að Hjaltastöðum sem jaðarsvæði og þar hafi einnig verið 50% fækkun. Afganginn skilgreinum við sem kjarnasvæði og þar hafi verið 30% fækkun. Allt í allt fáum við þá 40-45% fækkun býla.

En þá komum við að spurningunni hver fjöldi hjábýlanna hafi verið þegar plágan fyrri skall á. Ef litið er til Skagafjarðar mætti telja að hjábýli hafi verið að finna á flestum jörðum sem voru metnar 21 hundrað og hærra að dýrleika en það væri um 29 býli sem er býsna nálægt tölu fornra hjábýla sem Árni Daníel Júlíusson telur að hafi verið í Svarfaðardal á miðöldum út frá fornleifaskráningu og Jarðabók, eða 32 talsins. Fornleifarannsóknirnar eru ekki komnar á það stig að geta svarað því en það sem þær hafa þó leitt í ljós er að hluti fornbýlanna (ef þau eru býli) eru komin í eyði fyrir 1104, sum fyrir 1400 og önnur hafa mjög líklega farið í eyði fyrir 1477.

Mögulega er hér verið að gera ráð fyrir of mörgum hjábýlum. Árni Daníel bendir á að í Svarfaðardal hafi verið fleiri býli sem voru lágt metin að dýrleika en í mörgum nágrannasveitum.[165] Algengasta mat á býlum bæði í Fljótum og

[165] Árni Daníel Júlíusson. *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardal*, 140, 248-250, 254.

Svarfaðardal eru 20 Hdr. Næstalgengasta matið í Svarfaðardal eru 10 Hdr. á meðan það eru 30 Hdr. í Fljótunum.



Samkvæmt Jarðabókinni voru árið 1712 um 66 lögbýli í byggð í Svarfaðardal, 4 afbýli/partar og 5 hjáleigur. Í Fljótunum og Sléttuhlíð (frá Höfða að Hrauni) var svipaður fjöldi lögbýla í byggð eða 63 býli, aftur á móti voru 12 afbýli/partar og 19 hjáleigur í byggð. Hér erum við að sjá annað mynstur.

***Mynd 41. Dreifing byggðar miðað við Jarðabók**. Fjólubláir punktar eru lögbýli, rauðir punktar hjáleigur. Appelsínugulir punktar eru fornbýli, grænir punktar eyðihjáleigur. Undirlag (kort) frá LMÍ.*

Hjáleigur í byggð í Svarfaðardal eru allar á kjarnasvæði á vel stæðum jörðum samkvæmt Jarðabók. Slakasta heimajörðin er Sauðanes, 20 Hdr. jörð í eigu Hólastóls. Ef skoðaðar eru hjáleigur sem voru í eyði, þá eru þær einnig á kjarnasvæðinu. Syðstu og innstu eyðihjáleigurnar eru á kirkjujörðinni Urðum sem var metin á 80 Hdr. Fornbýlin (appelsínugulir punktar) eru aftur á móti frekar að

finna við jaðarsvæðin, við mynni Skíðadals og í dalnum sjálfum, sem og nyrst á Upsaströndinni.

Ef við bætum svo við upplýsingum úr fornleifaskráningu þá þéttist sannarlega net mögulegra hjábýla. Eins og komið hefur fram þá má þó ekki gera ráð fyrir að þau hafi öll verið í byggð á sama tíma og augljóslega er önnur hefð fyrir hjáleigum í Svarfaðardal en í Fljótum.

5.3. Niðurstöður rannsókna í Svarfaðardal

Svarfaðardalur ætti að mörgu leyti að vera spennandi svæði fyrir fornleifa-rannsókn á þróun byggðar á miðöldum og mögulegum áhrifum svartadauða á byggðina, ekki síst vegna þess að á svæðinu má greina gjóskulag frá 1477 sem gefur möguleika á greiningu á fyrri plágu og seinni plágu. Því miður eru aldursgreiningar á fornbýlum í Svarfaðardal skammt á veg komnar. Þá voru margar þessara rannsókna eingöngu gerðar á garðlögum sem geta gefið misvísandi niðurstöður, til að mynda vantar þá staðfestingu á því að sannarlega sé um býli að ræða og að íveruhús hafi verið í notkun á sama tíma og garðurinn.

Þær aldursgreiningar á býlum sem þegar hafa verið gerðar benda til þess að byggð sé að þéttast allt fram yfir 1300. Ef við heimfærum niðurstöður úr Skagafirði á Svarfaðardal þá er mjög líklegt að byggð hafi náð vissu hámarki á 12. öld á kjarnasvæðinu, en á jaðarsvæðum hafi byggð enn verið að þéttast á tímabilinu 1100 til 1300. Mögulega var hjábýli að finna á öllum jörðum sem voru metnar 21 Hdr. og hærra að dýrleika en það væri um 29 býli. Sem er býsna nálægt tölu fornra hjábýla sem Árni Daníel Júlíusson telur að hafi verið í Svarfaðardal á miðöldum, út frá fornleifaskráningu og Jarðabók, eða 32 talsins.[166] Þó er sá möguleiki fyrir hendi að hjábýli hafi verið færri í Svarfaðardal en á samanburðarsvæðum í Skagafirði vegna hlutfalls lögbýla sem voru 20 hundruð eða minna. Hér þarf frekari rannsóknir á fornleifunum áður en hægt er að fullyrða neitt um eyðingu byggðar í kjölfar plágunnar en um 1430 er fjöldi býla í eyði líklega um 40-60%, allt eftir fjölda hjábýla.

[166] Árni Daníel Júlíusson. *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardal*, 140.

6. Byggðaþróun sem samfélagsspegill?

Það hefur löngum verið talið að á fyrstu öldum byggðar á Íslandi hafi jarðir verið mjög stórar. Jarðeigendurnir hafi svo gefið eða selt öðrum hluta jarðanna og þannig hafi byggð þróast frá ströndum landsins og upp í dali. „Þessar elstu jarðir landsins kölluðust lögbýli, sjálfstæðar jarðir sem metnar voru til dýrleika og höfðu ákveðna lagalega stöðu.“[167] Þetta er sú mynd sem er dregin upp í Íslendinga-sögunum að mati Ólafs Lárussonar. Hann taldi þessari skiptingu jarða lokið um miðja 11. öld. „Stórbýli landnámsaldarinnar og sögualdarinnar hafa þá verið orðin skipt í fleiri jarðir. Bændurnir eru orðnir miklu fleiri en áður. Búin eru orðin minni og rausnin minni. Stórbændalífi sögualdarinnar var lokið.“[168] Nýlegar fornleifarannsóknir í Hegranesi í Skagafirði draga upp aðra mynd. Þar virðast minni býli og smábýli vera byggjast upp á sama tíma og stærri býlin en smábýlin leggjast svo af á 10. -11.öld. Það er alla vega ljóst að myndin er mun flóknari en áður er talið og greina má mun á milli svæða.[169]

Norræna eyðibýlarannsóknin byggði mat sitt á áhrifum svartadauða á byggð og mannfjölda fyrst fremst á lögbýlum. Eins og hefur komið fram í skrifum Árna Daníels Júlíussonar og í þessari rannsókn þá er að finna um land allt fjölmargar minjar um miðaldabýli sem ekki flokkuðust undir lögbýli eða tollskyld býli. Þessi býli hafa heilmikil áhrif á mat okkar á áhrifum svartadauða. En hvaða býli eru þetta?

Þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var rituð í byrjun 18. aldar blasti við skrásetjurum nokkur vandi við að skilgreina tegundir býla. Ef túni, engi og haga var skipt á milli tveggja býla þá var litið svo á að þau væri bæði sjálfstæð (lögbýli). Þar sem túni og engi var skipt en hagi var sameiginlegur gat verið erfitt að skera úr um sjálfstæði býlanna. Björn Lárusson vill meina að þá hafi skrásetjarar skráð býlin sem sjálfstæð ef þau tóku þótt í fátækraframfærslu. Þar

[167] Guðmundur Jónsson, Óskar Guðlaugsson. “Jarðir, býli og bústaðir”, bls. 171.
[168] Ólafur Lárusson. *Byggða og saga*, bls. 31-32.
[169] Douglas Bolender, Kathryn Catlin, Brian Damiata, John Steinberg og Guðný Zoëga. Colonization and Christianity: The Long Settlement of Viking Age and Medieval Skagafjörður, North Iceland.

sem slíkri samfélagsskyldu var skipt á milli tveggja býla voru þau skilgreind sem hálflendur.[170] Undir lögbýlum komu svo hjáleigur. Skilgreining Ólafs Lárussonar á hjáleigum hljóðar svo:

> Hjáleigurnar eru ávallt leigulönd. En ekki eru öll leigulönd hjáleigur. Hjáleiga er þrengra hugtak. Þær eru leigulönd, sem leigð eru „hjá“, þ. e. út frá annarri jörð. Hjáleigan er því ávallt háð aðaljörðinni. Hjáleigan hefir ekki afskipt land nema tún og engjar. Beitiland hefir hún óskipt með aðaljörðinni. Ef aðaljörðin er leiguland, þá byggir ekki landsdrottinn sjálfur hjáleiguna. Það gerir leiguliðinn. Hann leigir öðrum manni með sér, „hjá“ sér nokkurn hluta leigulandsins. Af þessu er það fyrst og fremst auðsætt, að hjáleigurnar eru byggðar síðar en aðaljörðin. Í annan stað má af þessu ráða það, að hjáleigurnar eigi í fyrstu rót sína að rekja til framleigu af hálfu leiguliða. Af því leiðir þá aftur, að hjáleigur hafa eigi byggst til muna fyrr en leigulöndum tók að fjölga.[171]

Til þess að geta skilgreint býli sem hjáleigu þurfum við þá að vita að leiguliði hafi setið jörðina sem hjáleigan var byggð á. Þetta eru aftur á móti upplýsingar sem eru ekki alltaf aðgengilegar. Í þessari skilgreiningu felst líka fyrirfram ákveðin hugmynd um uppruna þessara býla.

Ólafur Lárusson taldi að hjáleigurnar hefðu ekki farið að byggjast fyrr en landleiga fór að verða almenn. Með hjáleigum kom til nýrrar skiptingar á jörðum. „Hefur sú skipting hlotið að hafa áhrif á þjóðlífið, sem hin fyrri. Hjáleigurnar voru ávallt smábýli og þegar þeim tók að fjölga, varð fjölmenn stétt smábænda til í landinu.“[172] Þessa breytingu telur Ólafur megi rekja til ársins 1096 þegar tíund var lögtekin. Þar með fór kirkjueiganda og kirkjum að safnast auður en helsta leiðin til að ávaxta gróðann var leggja hann í jarðir eða búfé. Á 14. öld fór svo skreið að hækka í verði sem jók svo enn á hagnað jarðeigenda við ströndina. Samhliða þessu jókst jarðaeign og auður kirkna, klaustra og biskupsstóla hratt. Þetta leiddi

[170] Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers*, bls. 29.
[171] Ólafur Lárusson. *Byggð og saga*, bls. 37.
[172] Ólafur Lárusson. *Byggð og saga*, bls. 38.

til vaxandi munar á efnahagi manna sem endurspeglaðist hvað best í landareignum þeirra. Sjálfseignarbændum fækkaði og leiguliðum fjölgaði til muna. Ólafur telur að í lok 13. aldar hafi leiguliðar verið orðnir fleiri en sjálfseignarbændur og á 15. öld hafi hinir síðartöldu nánast þurrkast út. Efnahagur meðalbænda versnaði til muna á tímabilinu 1100 til 1300. Þessu til sönnunar vísar Ólafur til skattbændatalsins frá 1311 en þá voru skattbændur 3812 á landinu eða 748 færri en þingfararkaupsbændur 1095. Á 14. öld fór landskuld af jörðum að lækka en kúagildaleigur hækkuðu á móti. Á 15. öld voru innistæðukúgildi leigujarða víða orðin mjög mörg. Til að standa undir slíkum skuldbindingum fóru leiguliðar að fá fleiri inn á jarðirnar sem gátu þá tekið hluta þessara kúgilda. Um þetta leyti og í þessu umhverfi fara hjáleigubyggðir að spretta upp að mati Ólafs. Þessu til sönnunar bendir Ólafur á að býli með kot-endingu í nafni séu alla jafna hjáleigur. Slík bæjarheiti fari ekki að tíðast fyrr en á 14. öld. Að auki finnist orðið hjáleiga fyrst í skjali frá 1431. Ólafur tekur þó fram að hjáleigur hafi ekki verið með öllu óþekktar fyrir þennan tíma, þær hafi aftur á móti verið sjaldgæfar og helst þegar menn settu smábýli undir þræla sína eða leysingja.[173]

Miðað við þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á fornleifum í Svarfaðardal og ekki síður í Skagafirði þá er fyrir 1104 kominn töluverður fjöldi býla sem ekki flokkast undir lögbýli. Eru það þá ekki hjáleigur? Annað hvort eru hjáleigur mun eldra fyrirbæri eða mögulega á skilgreining Ólafs betur við hjáleigurnar eins og þær voru skilgreindar á 17. og 18. öld. Líklega á skilgreining Björns Þorsteinssonar á hjáleigum hér betur við en hún hljóðar svo:

> Hjáleiga var leiguból úr lögbýli, gekk kaupum og sölum og var tíundað með því, en lögbýlisbóndinn var í fyrirsvari fyrir hjáleigubændur sína gagnvart hreppsfélaginu, og þeir greiddu honum leigur af jarðnæðinu, hvort sem hann var sjálfur eigandi þess, leiguliði eða lénsherra, sat kirkjustað. Hjáleiga hafði yfirleitt sameiginlega haga með jörðinni sem hún

[173] Ólafur Lárusson. *Byggð og saga*, bls. 38-40, 55.

> var byggð úr, en afskipta skika af túni og engjum til slægna. Hún var sjálfstæð rekstrareining og sérstakt heimili með eigin húsakosti.[174]

Samkvæmt þessari skilgreiningu var það ekki skilyrði að lögbýlin yrðu að hafa vera í leigu, sem sagt framleiga leiguliða á lögbýli, þó að Björn telji það hafa verið algengasta formið.

Björn segir að enn fremur að „hjáleigubyggð hafi hafist á kirkjustöðum á 12. öld en ekki aukist að neinu marki fyrr en undir 1300“. Hann dregur þó fram atriði sem benda til þess að hjáleigur hafi verið algengar nokkuð fyrr. Þar má fyrst nefna að bændaeignir voru flestar komnar í eigu fárra höfðingja strax á 13. öld en um 1300 bjuggu 10% bænda á eignarjörð sinni. Þá telur Björn einnig ljóst að bændur hafi verið farnir að leigja kvikfé strax á 11. öld.[175]

Í sama streng tekur Árni Daníel Júlíusson. Samkvæmt rannsóknum Árna Daníels má snemma finna dæmi um býli í miðaldaskjölum sem eru að hans mati greinilega hjáleigur. Þær eru þó ekki endilega nefndar sem slíkar heldur eru orð eins og „hjálönd“ og „smálönd“ notuð til að lýsa þeim. Flestar þessar jarðir voru svo seinna skilgreindar sem hjáleigur.[176] En Árni Daníel kemur einnig inn á það að bændur á lögbýlum hafi líklega snemma „mátt“ leigja út frá lögbýlinu. Hugsanlega hafi þessi venja átt upphaf sitt á býlum var sem ábúendur voru einnig eigendur. Uppruna og tilvist hjábýlanna megi rekja til fólksfjölgunar sem hafi átt sér stað á Íslandi á tímabilinu 800 og fram að svartadauða rétt eins og á Norðurlöndunum.[177]

En upp úr hvers konar samfélagi spruttu þessi býli? Hver var staða þeirra sem þar bjuggu? Má setja öll fornbýlin undir hatt hjáleigna? Sverrir Jakobsson leggur fram tilgátu um þrjú þróunarstig stéttskiptingar í íslensku miðalda-samfélagi.

---

[174] Björn Þorsteinsson. *Íslensk miðaldasaga*, bls. 243.
[175] Björn Þorsteinsson. *Íslensk miðaldasaga*, bls. 242-244.
[176] Árni Daníel Júlíusson. *Af hverju strái*, bls. 103.
[177] Árni Daníel Júlíusson. “Voru fornbýlin hjáleigur”, bls. 141, 116.

1. Fram á 12. öld er íslenskt samfélag í megindráttum þrælasamfélag, en jöfnuður ríkir á milli bænda miðað við það sem síðar varð.
2. Á 12. og 13. öld verður vart við öra þróun í átt að aukinni lagskiptingu bænda, jafnframt því sem þrælahald leggst niður. Samskipti bænda breytast, þannig að endurdreifing kemur í stað gagngjafar. Slíkt er yfirleitt haft til marks um aukinn ójöfnuð, enda eru stéttir í mótun á þessum tíma.
3. Eftir að Ísland verður skattland Noregskonungs, á síðari hluta 13. aldar og þó einkum á 14. öld, verður önnur breyting þar sem veldi landeigenda fer vaxandi. Það veldi helst svo nánast óskert fram á 18. öld.[178]

Að mati Sverris var samfélagið fram til 1100 lagskipt og einkenndist af feðraveldi. Lagskipting var milli þjóðfélagshópa en einnig innan þeirra. Þrælarnir voru efnahagslega mikilvægir samfélaginu en mynduðu neðsta lagið. Ofan við þá voru húskarlar sem bar að eiga grið hjá bónda. Bændur skipuðu svo efsta lagið en munur var á stöðu þeirra eftir eign þeirra. Völdin voru í höndum auguðra bænda og úr þeim hópi komu goðorðsmennirnir. Fátt bendir til þess að auðugir bændur hafi á þessu tímabili verið farnir að safna fjölda jarðeigna. Lögð var frekar áhersla á að sitja á góðum jörðum en að eiga margar jarðir.[179] Sverrir bendir svo á að þessi samfélagsmynd passi að mörgu leyti vel við það líkan um framleiðsluhætti bænda sem Chris Wickham leggur fram í bók sinni, *Framing the Early Middle Ages*. Samkvæmt hugmyndum Wicham byggði kerfið á einstökum heimilisbýlum fremur en þorpum, þar sem heimilisfólk yrkir landið undir stjórn húsbónda heimilis. Ætlast er til þess að allir vinnufærir einstaklingar leggi sitt af mörkum í vinnu, alla vega hluta ársins en þetta er þó ekki jafningjasamfélag (e: egalitarian society). Í þessu bændasamfélagi er erfitt að safna umframauði og einfaldleiki kerfisins dregur einnig úr sérhæfingu í framleiðslu. Markaðir fyrir ytri viðskipti eru fyrir hendi en þeir eru lítilvægir. Pólitískt einkenni slíkra samfélaga er að

[178] Sverrir Jakobsson. „Frá þrælahaldi til landeigendavalds“, bls. 99-100.
[179] Sverrir Jakobsson. „Frá þrælahaldi til landeigendavalds“, bls. 110-111.

ráðamenn, eða staðbundnir höfðingjar, eru ekki fyrst og fremst landeigendur, heldur leiðtogar frjálsra manna sem eru bundnir þeim með sterkum böndum gagnkvæmrar skyldu og tryggðar. Á efnahagslegu sviði voru hinir síðarnefndu sjálfstæðir og höfðingjar þurftu oft að endurgjalda tryggð þeirra með gestrisni og veisluhaldi.[180] Wickham leggur litla áherslu á mikilvægi þrælahald, sérstaklega þegar horft er á samfélög landeiganda og smábænda (leiguliða). Hvert var til dæmis raunverulegt frelsi leiguliða gagnvart landeiganda? Þá bendir Wickham á það að til þess að þrælahald geti talist vera efnahaglegur grundvöllur samfélags þá þurfi umtalsverðan fjölda þræla. Þrælahald var áhætta. Því fjölmennari sem þrælar voru því erfiðara og kostnaðarsamara var að halda þá. „Furthermore, they have to be maintained, in high seasons and low, in good years and bad, when hired labour can be laid off, and tenants left to their own holdings.“ Til þess að slík áhætta borgaði sig þá þurfti að öruggan markað fyrir þá vöru sem þrælarnir unnu og öruggan markað með þræla.[181] Það er sannarlega spurning hvort það hafi átt við á Íslandi.

Sverrir gerir meira úr þrælahaldinu en Wickham og telur því ekki hafa verið lokið fyrr en komið er fram á 12. öld. Meginrök Sverris eru vísun í ákvæði um þræla í lögum sem enn var að finna í íslenskum lögbókum á 13. öld. Hann bendir einnig á að gert sé ráð fyrir því að þrælahald hafi verið stundað á Norðurlöndum allt þar til að byggð þéttist vegna fólksfjölgunar. Þá hafi vinnuafl orðið ódýrara og því ekki borgað sig að eiga þræla. Sverrir telur hugsanlegt að byggð á Íslandi hafi vaxið jafnt og þétt og ekki náð hámarki fyrr en á 12. öld. Fram að því hafi verið nóg framboð af þrælum, bæði vegna þess að setja mátti fólk í þrældóm vegna stuldar eða skuldar en einnig vegna þess að þrælum var leyfilegt að giftast og eignast börn og gat því viðhaldið sér sjálfir. Í rannsóknum á þrælasamfélögum í Evrópu hefur sú skoðun verið ríkjandi að mikill munur hafi verið á milli húskarla og bænda en tiltölulegt jafnræði hafi ríkt meðal bænda og lítið hafi verið um leiguliðabúskap.[182]

---

[180] Sverrir Jakobsson. “From Reciprocity to Manorialism”, bls. 273-274.
[181] Wickham, Chris. *Framing the Early Middle Ages*, bls. 264, 277.
[182] Sverrir Jakobsson. „Frá þrælahaldi til landeigendavalds“, bls. 100-102.

Það er töluverður samhljómur með hugmyndum Sverris og Frode Iversen sem vill meina að leiguliðakerfið taki við þegar þrælahaldi lýkur í Skandinavíu. Á 12.-13. öld hafi efnahagslegur grunnur aðalsins í Skandinavíu þróast úr því að yrkja jörðina, stunda landbúnað, í það að leigja út jarðir. Býli sem þrælar höfðu áður rekið fyrir eiganda sinn voru leigð út. Um 20% mannfjöldans fóru úr því að vera þrælar yfir í það vera leiguliðar. Umbreyting þessi gerðist ekki á einni nóttu. Iversen telur að það hafi verið nokkur hefð fyrir því að þrælar hafi fengið land sem þeir gátu verið að yrkja utan síns vinnutíma og vísar í lýsingu í Heimskringlu. Afraksturinn gátu þrælar notað til að kaupa sig út úr þrældómnum. Þrælarnir voru þó enn bundnir fyrrum eiganda sínum og voru sendir til veiða eða annarrar vinnu en gátu einnig verið fegnir til að brjóta nýtt land og setja upp býli. Þessi þróun hafði líklega einhverjar breytingar á staðsetningu og dreifingu býla í för með sér.[183] Óneitanlega leiðir þetta hugann að þrælsgerðum Jarðabókar. Þar kemur augljóslega fram minni eða hugmynd um hvað fólst í slíku fyrirbæri. Af lýsingum í Jarðabók má ætla að um sé að ræða einhvers konar gerði. Stundum voru fáar eða engar byggingar innan gerðis og þá hefur það einungis verið nýtt til búskapar. Í öðrum tilvikum eru fleiri byggingar innan gerðis og þá er talið mögulegt að um sé að ræða gamalt býli með híbýlum. Hugsanlega hafa skrásetjarar Jarðabókar þessa hugmynd frá Heimskringu rétt eins og Iversen en þetta er áhugavert rannsóknarefni.[184]

Sveinbjörn Rafnsson hefur einnig bent á þann möguleika að leiguliðar hafi verið leysingjar og bein tengsl séu á milli fjölgunar leiguliða og fækkunar þræla. Aðrir fræðimenn hafa talið að helstu orsökina sé að finna í versnandi stöðu fátækustu bændanna sem misstu jarðir sínar í hendur þeirra sem auðugri voru.[185] Að öllum líkindum eru báðar skýringar réttar en óneitanlega verður erfitt að útskýra tilvist býla fyrir 1100 sem hjáleigur, ef eignasöfnun einstaklinga og kirkju hófst ekki að marki fyrr en eftir þann tíma.

[183] Iversen, Frode. “From Slavery to Tenant Farming”, 60-61, 70-73.
[184] Snorri Sturluson. *Heimskringla. Noregs konunga sögur*, bls. 193.
[185] Í Sverrir Jakobsson. „Frá þrælahaldi til landeigendavalds“, bls. 112.

Í grunninn hlýtur fjölgun býla að eiga sér skýringu í þrýstingi vegna fólksfjölgunar þó atriði eins og samfélagsbreytingar eigi vafalítið stóran þátt í byggðamynstri miðalda. Þá er athyglisvert að lega eyðibýla miðalda er ekki sú sama og á síðari tímum. Árni Daníel telur það merki um „... hversu langt bændasamfélagið þandist út yfir ónumin svæði á miðöldum. Þá virðist fólksfjölgun síðari alda ekki hafa nægt til að byggðin þendist út að nýju.“[186]

Hofdalir í Hofstaðaplássi í Skagafirði er ágætt dæmi um tvíbýli þar sem skýr greinarmunur er gerður á jarðarhlutum, þ.e. þau fá sérheiti. Árið 1388 er talað um Syðri-Hofdælum og Ytri-Hofdælum. Í Sigurðarregistri frá 1550 er búið að sameina jarðirnar undir nafninu Hofdælir og virðist vera svo fram til 1850 að þeim er aftur skipt upp í Syðri- og Ytri-Hofdali.[187] Áður hefur verið fjallað um Sléttu, Arnarstaði og Bakka í Fljótum. Þar virðast vera skýr dæmi um tví- og jafnvel þríbýli en ólíkt Hofdölum þá voru jarðirnar aldrei aftur aðskildar eftir svartadauða. Eflaust hafa svo verið dæmi um tvíbýli á sömu jörðinni og jafnvel í sömu húsakynnum en það er erfiðara að rekja það aftur í tímann. Sum býli voru sem sagt sameinuð, líklega vegna fólksfæðar í kjölfar svartadauða. Þegar betur áraði þá var þeim aftur skipt upp. Á öðrum jörðum var aldrei aftur tvíbýli þó þar væru hjáleigur. Þetta gæti verið merki um að fólksfjöldi hafi verið mjög lengi að ná upp sama marki og á miðöldum ásamt því að það hafi ekki verið sami hvati eða möguleikar á því að stofna býli í nýju og voldugu kerfi landeiganda.

Á 15. öld var „jarðeign mikilvægur mælikvarði á félagslega stöðu“ að mati Sverris Jakobssonar. „Stórjarðeigendur voru lítill hluti bænda og mynduðu fámenna yfirstétt.“ Greina má viðleitni auðugustu höfðingastéttarinnar til inngiftingar innan þess hóps. Þetta varð til þess að fækka lögerfingjum. Mannfall plágunnar á 15. öld ýtti svo enn undir þessa þróun.[188] Á sama tíma jukust jarðeignir biskupsstólanna. Árið 1388 átti Hólastóll 125 jarðir en árið 1550 voru þær orðnar 350. Af erfðaskrám má merkja að auðmenn gáfu töluverðan fjölda

[186] Árni Daníel Júlíusson. “Voru fornbýlin hjáleigur?”, bls. 139.
[187] Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson. *Byggðasaga Skagafjarðar* V. bindi, bls. 217-218.
[188] Sverrir Jakobsson. “Völd og auður við Breiðafjörð á fimmtándu öld”, bls. 71-72, 94.

jarða til biskupsstólanna sér til sáluhjálpar. Klaustrum og biskupsstólum voru einnig færðar jarðir sem próventugjafir eða sem framlag með skólasveinum og fólki er gekk í klaustur. „Misskipting auðæfa, sem voru mestmegnis í höndum örfárra stofnana og einstakra manna er högnuðust af störfum leiguliða og verkafólks, varð því eitt helzta einkenni samfélagsins á síðmiðöldum hér sem annars staðar í Evrópu.“[189]

Samantekt

Líklega hefur jarðasöfnun einstaklinga og stofnana ekki hafist að nokkru marki fyrr en á 12. öld. Töluverður hluti þeirra fornbýla sem hafa verið aldursgreind hefur verið byggður upp fyrir 1100 og sum jafnvel komin í eyði. Það er því ólíklegt að öll þessi býli hafi verið stofnuð sem hjáleigur ef það er gengið út frá þeirri skilgreiningu að um framleigu á landi sé að ræða sem leiguliði sitji þó býlin hafi svo orðið hjáleigur með vaxandi jarðasöfnun á færri hendur. Fornbýlin eru ekki heldur hægt að setja undir einn hatt. Margt bendir til þess að hluti þeirra hafi verið minjar tvíbýla á jörðunni, annar hluti gæti verið einhvers konar hjábýli sem laut stjórn jarðeiganda og greiddi leigu (í einhverju formi) beint til hans. Upptaka tíundar 1097 hafði í för með sér aukna eignasöfnun og samfélagsbreytingar þar sem völd tengdust í meira mæli landeignum. Þegar svartidauði reið yfir höfðu biskupsstólar og lítill hópur einstaklinga þegar náð undir sig gríðarlegum fjölda jarða á meðan sjálfseignabændur var lítill hluti bænda. Svartidauði ýtti því undir þróun sem var þegar hafin og byggði enn frekar undir veldi landeigenda.

[189] *Saga Íslands* IV. bindi, bls. 91, 93.

7. Niðurstöður

Meginmarkmið þessarar ritgerðar var að rannsaka mögulega þróun hjáleigubýla á tímabilinu 1100-1400 ásamt því að skoða afleiðingar svartadauða á samfélagið, sérstaklega plágufaraldurinn 1402-1404 með hliðsjón af niðurstöðum nýlegra fornleifarannsókna. Við fyrstu sýn mætti ætla að hér væri um tvö óskyld mál að ræða en svo er ekki.

Fornleifarannsóknir hafa leitt í ljós fjölda býla frá miðöldum sem ritaðar heimildir vitna lítið eða ekkert um. Ýmislegt bendir til þess að býli þessi séu annars vegar leifar tvíbýla en hins vegar einhvers konar hjábýli út frá meginbýlinu. Það verður hins vegar að fara varlega í það að skilgreina þessi býli sem hjáleigur ef skilgreining hjáleigna felur í sér framleigu á leigulandi því mörg þessara býla er byggð áður en landleiga varð almenn á 13.-14. öld. Það væri til dæmis mjög spennandi rannsóknarefni að kanna betur samband smábóndans við landeiganda fyrir 1300. Var litið svo á að bóndinn á hjábýlinu væri hluti af heimilisbýli landeigands eða naut hann að einhverju leyti sjálfstæðis?

Norræna eyðibýlaverkefnið vanmat áhrif svartadauða á byggð og samfélag á Íslandi vegna skorts á upplýsingum um þau býli sem stóðu utan við lögbýlin en niðurstaða verkefnisins var sú að 20% býla hefðu farið í eyði í svartadauða en byggði hefði að mestu rétt úr kútnum á 16. öld.

Út frá nýlegum aldursgreiningum fornleifa má ætla að um 30-50% býla hafi lagst í eyði í kjölfar svartadauða en greina má mun á jaðarsvæðum og kjarnasvæðum. Hjáleigubyggðin lagðist í eyði um tíma og sumar byggðust aldrei upp aftur. Mögulega var það vegna breyttra búskaparhátta með aukinni áherslu á sauðfjárrækt og ef til vill var ekki sami hvati og áður til stofna til nýbýla í leigukerfi landeigenda. Hjáleigur hófu þó að byggjast upp aftur á 17. öld, að öllum líkindum vegna fólksfjölgunar.

Það er alltaf töluverð hætta á einföldun þegar reynt er að draga fram heildarþróun og meginbreytingar. Hér hefur til dæmis verið sýnt fram á að byggðaþróun miðalda er breytileg eftir svæðum en það má einnig spyrja hvort þann breytileika megi til rekja til mismunandi stöðu rannsókna og varðveislu

miðaldaminja í landslagi nútímans. En með auknum fornleifarannsóknum aukast líkurnar á því að hægt sé að draga fram skýra heildarmynd.

Rannsóknir á áhrifum svartadauða hafa lengi einskorðast við rannsóknir á byggðaþróun. Það er mörgum spurningum ósvarað, til að mynda hvaðan kom plágan til Íslands, hvað lagði hún marga að velli, hver var fjölskyldustærð og ábúendafjöldi býla fyrir og eftir plágu? Það hafa komið fram hugmyndir um að fólk hafi jafnvel haft það betra eftir plágufaraldrana því þá var færri munna að metta ásamt því að skortur á vinnuafli hækkaði laun verkamanna. Öllum þessum spurningum væri hægt að svara með rannsóknum á vel völdum kirkjugörðum sem hlýtur að vera næsta skref í rannsóknum á svartadauða á Íslandi.

Heimildaskrá

Útgefið efni

Árni Daníel Júlíusson. *Miðaldir í skuggsjá Svarfaðardals*. Reyjavík: JPV útgáfa, Þjóðminjasafn Íslands, 2016.

Árni Daníel Júlíusson. „Voru fornbýlin hjáleigur? Útbreiðsla og staða hjáleigna á miðöldum“, *Saga* LXII.2 (2024), bls. 111-145.

Björn Teitsson og Magnús Stefánsson. „Um rannsóknir á íslenzkri byggðarsögu tímabilsins fyrir 1700“, *Saga* X (1872), bls. 134-178.

Björn Þorsteinsson. *Íslensk miðaldasaga*. Reykjavík: Sögufélag, 1978.

Bruun, Daniel. *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár. Fyrra bindi*. Steindór Steindórsson þýddi. Örn og Örlygur hf., 1987.

Bryndís Zoëga. *Strandminjar við austanverðan Skagafjörð. 3. áfangi*. Sauðárkróki: Byggðasafn Skagfirðinga, 2015.

Callow, Cris og Charles Evans. „The mystery of plague in medieval Iceland.“ *Journal of Medieval History* 42, nr. 2 (2016), bls. 254-284.

Diplomatarium Islandicum. Íslenskt fornbréfasafn: sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrr skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. 1.-16. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafjelag, 1857-1972.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifakönnun í Eyjafirði XVII: Fornleifar í Skíðadal, frá Kóngsstöðum og norður með Svarfaðardal austanverðum að Sökku*. Fornleifastofnun Íslands, 2002.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Forn garðlög í Dalvíkurbyggð: Fornleifakönnun á garðlögum í Svarfaðardal og á Árskógsströnd*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2010.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir*. Merkar fornleifar í Dalvíkurbyggð: Samantekt vegna aðalskipulags*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2006.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ed.). *Power, Wealth and Plague in Two Valleys: Field report of 2021, work packages 1 & 2*. Reykjavík: Fornleifastofnun, 2022.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir. *Fornleifarannsóknir í Svarfaðardal 2020: Könnunarskurðir vegna undirbúnings verkefnisins Tveir dalir.* Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2023.

Gissel, S., & Björn Teitsson. *Desertion and land colonization in the Nordic countries c. 1300-1600 : comparative report from the Scandinavian Research Project on Deserted Farms and Villages*. Stockholm: Almqvist & Wiksell, 1981.

Guðmundur Jónsson, Óskar Guðlaugsson. “Jarðir, býli og bústaðir”, *Ástand Íslands um 1700. Lífshættir í bændasamfélagi* (2024), [Reykjavík: Sögufélag] bls. 169-206.

Guðný Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar I – byggðasöguleg fornleifarannsókn*. Byggðasafn Skagfirðinga, 2005.

Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar IX – byggðasögurannsókn.* Byggðasafn Skagfirðinga, 2016.

Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar X – byggðasögurannsókn.* Byggðasafn Skagfirðinga, 2017.

Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson, Hjalti Pálsson, Bryndís Zoëga. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XII – byggðasöguleg fornleifarannsókn*. Byggasafn Skagfirðinga, 2019.

Guðný Zoëga, Kári Gunnarsson. *Eyðibyggð og afdalir Skagafjarðar XIII: byggðasögurannsókn*. Byggðasafn Skagfirðinga, 2019.

Guðrún Sveinbjarnardóttir. *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study*. Oxbow Monograph 17. Oxford: Oxbow Books, 1992.

Gunnar Karlsson. “Plague Without Rats: the Case of Fifteenth-Century Iceland.” *Journal of medieval history* 22, nr. 3 (1996), bls. 263-284.

Gunnar Karlsson og Helgi Skúli Kjartansson. „Plágurnar miklu á Íslandi.“ *Saga* 32, nr. 1 (1994), bls. 11-74.

Haraldur Briem. „Plágurnar frá sjónarhorni faraldsfræðinnar.“ *Sagnir* 18, nr. 1 (1997), bls. 82-86.

Helgi Þorláksson. „Desertion and land colonization in the Nordic-countries c. 1300-1600“, *Skírnir* 156. árg. (1982), bls. 197-204.

Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson, Kristján Eiríksson. *Byggðasaga Skagafjarðar. VIII. bindi, Fellshreppur - Haganeshreppur*, ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2017.

Hjalti Pálsson, Egill Bjarnason, Kári Gunnarsson, Kristján Eiríksson. *Byggðasaga Skagafjarðar. X. bindi, Hofsós, Grafarós, Haganesvík, Drangey og Málmey*, ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkróki: Sögufélag Skagfirðinga, 2021.

Iversen, Frode. „From Slavery to Tenant Farming. Elite Economies in the Nordic Area c. 1050-1250“. *Nordic Elites in Transformation, c. 1050-1250*. Volume I (2019), bls. 61-79.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns IX. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1930.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns X. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, 1943.

Lagerås, Per. *Environment, Society and the Black Death. An Interdisciplinary Approach to the Late-Medieval Crisis in Sweden*. Oxford: Oxbow Books, 2016. VitalBook file.

Kålund, P. E. Kristian. *Íslenzkir sögustaðir III. Norðlendingafjórðungur*. Haraldur Matthíasson þýddi. Bókaútgáfan Örn og Örlygur h.f., vatnar útg.stað, 1986.

Karl Skírnisson. „Rottur og flær. Smitberar pestarinnar.“ *Sagnir* 18, nr. 1. (1997), bls. 75-81.

Matthías Þórðarson. “Smávegis. Um nokkra staði og fornmenjar er höf. athugaði á skrásetningarferð um Skagafjarðarsýslu (og Húnavatnssýslu) í júlímánuði 1910”, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 25. árg. (1910), bls. 59-71.

Ólafur Ásgeirsson, “Desertion and land colonization in the Nordic-countries c. 1300-1600”, *Saga* 20. árg. (1982), bls. 297-302.

Ólafur Olavius. *Ferðabók: Landshagir í norðvestur-, norður- og norðaustursýslum Íslands 1775-1777: ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1964-1965.

Ólafur Lárusson. *Byggð og saga*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f., 1944.

Sigurlaugur Brynleifsson. *Svarti-dauði*. Reykjavík: Helgafell, 1970.

Snorri Sturluson. *Heimskringla. Noregs konunga sögur*. Útgefið af Finni Jónssyni. Kaupmannahöfn: G. E. C. Gads forlag, 1911.

Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1854. Magnús Kristinsson sá um útgáfuna. [Ak.,] Sögufélag Eyfirðinga, 1972.

Svarfdæla saga. Benedikt Sveinsson bjó til prentunar. Sigurður Kristjánsson, Rv., 1924.

Sverrir Jakobsson. „Frá þrælahaldi til landeigendavals: Íslenskt miðaldasamfélag, 1100-1400“, *Saga* XLIII:2 (2005), bls. 99-129.

Sverrir Jakobsson. „From Reciprocity to Manorialism. On the peasant mode of production in Medieval Iceland“, *Scandinavian Journal of History* Vol. 38, No. 3 (2013), bls. 273-295.

Sverrir Jakobsson. „Völd og auður við Breiðafjörð á fimmtándu öld“. *Breiðfirðingur* (2022), 65-101.

„Umræður.“ *Sagnir* 18, nr. 1 (1997), bls. 110-114.

Wickham, Chris. *Framing the Early Middle Ages. Europe and the Mediterranean, 400-800*. Bretland: Oxford University Press, 2005.

Þormóður Sveinsson. “Bæjartalið í Auðunarmáldögum”, *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags* 53. árg. (1954), bls. 23-47.

Óútgefið efni

Britannica. „Black Death.“. Síðast uppfært 27. mars 2025. https://www.britannica.com/event/Black-Death

Douglas Bolender, Kathryn Catlin, Brian Damiata, John Steinberg og Guðný Zoëga. Colonization and Christianity: The Long Settlement of Viking Age and Medieval Skagafjörður, North Iceland. Oxbow books. Bók í vinnslu, væntanleg 2025.

ÞÍ (Þjóðskjalasafn Íslands). Árni Indriðason. Þróun byggðar í austanverðum Skagafirði á miðöldum. Lokaverkefni til kandidatsprófs í sagnfræði. 1976.

Árnastofnun [Örnefnastofnun]. Örnefnaskrá Tungufells í Svarfaðardal. Samlesið E.S./S.J.

Árnastofnun [Örnefnastofnun] Lambanes í Holtshreppi í Skagafirði. Örnefnaskrá. Kristján Eiríksson skráði. Heimildamaður Gunnlaugur Kristjánsson.